ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 14. maí 1997 • 19. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Lítið verður um sumarráðningar hjá fiskvinnslufyrirtækjum á Vestfjörðum

Verkfallið ýtir undir að menn loki og fari með vinnsluna út á sjó

Allt útlit er fyrir að lítið verði um sumarráðningar í ár hjá fiskvinnslufyrirtækjum á norðanverðum Vestfjörðum og er mikil hætta á að stór hluti skólafólks verði án atvinnu í sumar. Að minnsta kosti tvö fiskvinnslufyrirtæki hafa boðað sumarlokanir og stjórnendur annarra fyrirtækja eru að skoða málin í kjölfar stöðu mála í verkfallsbaráttunni hér vestra. Blaðið hefur heimildir fyrir því að nokkur fiskvinnslufyrirtæki standi það tæpt fjárhagslega, að erfiðleikum gæti verið bundið hefja starfsemi að nýju, leysist verkfallið ekki mjög fljótt.

Björgvin Bjarnason, framkvæmdastjóri Íshúsfélags Ísfirðinga, sagði í samtali við blaðið að ákveðið hefði verið að loka fyrirtækinu um mánaðartíma, frá miðjum júlí og fram í miðjan ágúst. „Ef verkfallið stendur í langan tíma til viðbótar, hætta menn að reikna með okkur," sagði Björgvin, aðspurður um hvort verkfall verkafólks hefði áhrif á sölu afurða fyrirtækisins. „Það leiðir af sjálfu sér að það verður lítið um sumarráðningar hjá okkur. Sumarlokunin og verkfallið hafa þar samverkandi áhrif sem og að sumarið er oft á tíðum erfiðasti tíminn hvað varðar hráefnisöflun," sagði Björgvin.

Mikil innri endurskipulagning stendur yfir á rekstri Básafells hf., á Ísafirði og átti Arnar Kristinsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, ekki von á því að ráðið yrði í margar afleysingastöður. Hann kvað breytingarnar líta dagsins ljós áður en maímánuður yrði úti og vildi ekki tjá sig frekar um breytingarnar á þessu stigi málsins. Samkvæmt upplýsingum blaðsins eru stjórnendur fyrirtækisins jafnvel að hugsa um að loka bolfiskvinnslu fyrirtækisins til frambúðar. „Það eru ekki fyrirhugaðar neinar sumarlokanir hjá okkur umfram það sem verður í sambandi við hagræðingu fyrirtækisins. Hvort einhverju verður lokað til lengri eða skemmri tíma veit ég ekki ennþá, en þessi mál munu skýrast fyrir mánaðarmót. Það eru uppi ýmsar hugmyndir varðandi hagræðingu og það er alveg ljóst að einhverjar breytingar verða gerðar á rekstrinum." sagði Arnar.

„Frystihúsið verður lokað hjá okkur í þrjár vikur, síðustu vikuna í júlí og þær tvær fyrstu í ágúst. Ég held að það sé búið að ráða alla þá unglinga sem þarf og á því ekki von á að fleiri verði ráðnir," sagði Konráð Jakobsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins hf., í Hnífsdal í samtali við blaðið. Hann sagði aðspurður, að yfirstandandi verkfall breytti litlu hjá hans fyrirtæki varðandi sumarráðningar svo framarlega sem að verkfallið standi ekki fram á sumar. „Ég hef heyrt að einhver fyrirtæki eigi erfitt með að opna að nýju og því kann svo að fara að einhver fyrirtæki heltist úr lestinni. Við eigum í vök að verjast með bolfiskvinnslu í landi og verkfallið ýtir einungis undir það að menn loki frystihúsunum og fari með starfsemina út á sjó. Það er hætt við því að verkfallsaðgerðir sem þessar ýti undir þann möguleika," sagði Konráð.

Ingimar Halldórsson, framkvæmdastjóri Frosta hf., í Súðavík og stjórnarformaður Fiskiðjunnar Freyju hf., á Suðureyri, sagði í samtali við blaðið, að engar sumarlokanir stæðu fyrir dyrum hjá Frosta, enda hefði svo aldrei verið. Aðspurður um hvort langvarandi verkfall gæti haft þau áhrif að Fiskiðjan Freyja hf., opnaði ekki að nýju sagði Ingimar: „Auðvitað hefur langvarandi verkfall slæm áhrif á fyrirtækið en ég get ekki sagt til um það á þessari stundu, hvort fyrirtækið opnar að nýju eður ei. Eðlilega munu menn skoða það mjög alvarlega hvort þeir færi fiskvinnsluna út á sjó ef ekki er friður í kringum vinnsluna í landi," sagði Ingimar.

Stúlkan á myndinni, Sigríður Sigþórsdóttir, varð á leið ljósmyndara blaðsins um miðbæ Ísafjarðar á fimmtudag í síðustu viku, en þann dag efndu vinkonur hennar til svonefndrar „gæsaveislu" til að undirstrika að „frelsisstundunum" færi fljótt fækkandi. Vinkonurnar létu Sigríði fara í tötraraklæðnað og sáu til þess að hún æki innkaupavagni um aðalgötur bæjarins og betlaði hina ýmsu muni í búið. Þá var henni gert að syngja fyrir gangandi vegfarendur auk ýmissa annarra uppákoma. Sigríður mun ganga í hjónaband á laugardaginn kemur í Ísafjarðarkirkju með sínum heittelskaða Hilmari K. Lyngmó.

Forvarnir gegn snjóflóðum á Íslandi

Engin takmörkun á búsetu í Dísarlandi

Í síðasta blaði greindi frá því að Ísafjarðarbær hyggðist selja uppkeypt hús í Hnífsdal með sömu skilyrðum og gilda um búsetu í sumarbúðstöðum í Tunguskógi, þ.e.a.s. að búseta verði ekki leyfð á tímabilinu 15. nóvember til 15. apríl ár hvert. Ekkert húsanna í Hnífsdal hefur orðið fyrir snjóflóði en í vetur féll snjóflóð á tvö hús við Dísarland í Bolungarvík og olli það töluverðum skemmdum. Engin takmörkun er á búsetu í þessum húsum og verða eigendurnir að gera við þau og búa í þeim á eigin ábyrgð, eftir því sem blaðið kemst næst.

Engin takmörkun er á búsetu í þessu húsi við Dísarland í Bolungarvík þrátt fyrir að snjóflóð hafi valdið töluverðum skemmdum á því þann 21. febrúar s.l.

Hvað veldur þessum mismun? Vantar reglugerð sem tekur á vanda húseigenda eftir að snjóflóð fellur á hús þeirra? BB leitaði svara hjá Ólafi Kristjánssyni, bæjarstjóra í Bolungarvík, Kristni H. Gunnarssyni, Alþingismanni Vestfirðinga og Magnúsi Jóhannessyni, ráðuneytisstjóra í Umhverfisráðuneytinu. Sjá bls. 6.

Blaðsíða 4

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúar funda

Blaðsíða 9

Sjallinn og Krúsin 10 ára

Blaðsíða 12

Fjörutíu milljóna króna hagnaður hjá Sparisjóðnum

Spurningin

Hafði 10 ára verðið hjá Dúa áhrif á afkomuna hjá ykkur?

Guðmundur Marinósson, framkvæmdastjóri veitingastaðarins Á Eyrinni:

„Nei, síður en svo. Það var fullt hús hjá okkur bæði kvöldin, þrátt fyrir að veitingarnar væru ekki á niðursettu verði. Við beitum öðrum ráðum við að laða að okkur gesti.“

Tíu ár eru síðan Steinþór Friðriksson, Dúi, hóf rekstur veitingastaða á Ísafirði og var mikið húllumhæ af því tilefni um helgina á veitingastöðum hans, Sjallanum og Krúsinni. Verð á drykkjarvörum var einstaklega hagstætt, enda um sama verð að ræða og fyrir tíu árum. Gestir kunnu vel að meta þetta framtak og sýndu það í verki með því að vera duglegir að kaupa tvöfaldan í kók á sprenghlægilegum prís.

Verkfall félaga ASV

Viðræður í gangi

Verkfall félaga ASV hefur nú staðið í þrjár vikur og samkvæmt heimildum blaðsins óttast atvinnurekendur að afleiðingar þess geti orðið afdrifaríkar, dragist það frekar á langinn að samið verði í deilunni. Í viðtölum við stjórnendur frystihúsa annars staðar í blaðinu, kemur m.a. fram að verkfallið hvetur menn til að íhuga að færa vinnsluna út á sjó. Hvort einhver alvara er að baki yfirlýsingum þessum skal ekki dæmt um, en ljóst þykir að báðir deiluaðilar geta ekki annað en skaðast á áframhaldandi verkfalli.

Fundur í deilunni var haldinn um helgina en honum var frestað til að aðilum gæfist færi á að yfirfara tillögur og kröfur hvors annars. Í gærkvöldi hófust svo viðræður að nýju undir stjórn varasáttasemjara, en ekki höfðu borist fregnir af þeim þegar blaðið fór í prentun. Deiluaðilar hafa haft hljótt um sig síðustu daga og hafa ekki viljað gefa mikið upp um gang mála, enda samkomulag í gildi um að ekki verði fjallað opinberlega um efnisleg atriði. Því virðist sem viðræðurnar séu nú á viðkvæmu stigi.

Pétur Sigurðsson, forseti Alþýðusambands Vestfjarða og Geir Gunnarsson, varasáttasemjari við upphaf samningafundarins í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á laugardag.

Í atkvæðagreiðslu sem fram fór á mánudag meðal hafnarverkamanna í Dagsbrún og Hlíf, var samþykkt boðun samúðarvinnustöðvunar vegna afgreiðslu vestfirskra skipa í Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjarðarhöfn þann 21. maí, ef samningar á Vestfjörðum hafa ekki náðst fyrir þann tíma. Samþykktin gildir á meðan verkfall ASV varir.

Vegaframkvæmdir á Vestfjörðum sitja enn á hakanum

Framkvæmdafé til vegamála á Vestfjörðum skorið niður um 75 milljónir króna

Ákveðið hefur verið að skera framkvæmdafé til vegamála á Vestfjörðum 1997 niður um 75 milljónir króna. Ákvörðun þessi kemur mjög við framkvæmdir ársins því verulegur hluti af vegafé Vestfirðinga í ár fer til þess að greiða niður skuldir kjördæmisins vegna heimaframlags til þeirra stórverkefna sem unnin hafa verið á svæðinu s.s. jarðganga undir Breiðadals- og Botnsheiðar.

Við endurskoðun gildandi vegaáætlunar, sem samþykkt var á liðnum vetri, voru framkvæmdir til almennra stofnframkvæmda á Vestfjörðum í ár, skornar niður í 130 milljónir króna og nú hefur verið ákveðið að niðurskurðurinn verði 11 milljónir til viðbótar. Við almenna endurskoðun vegaáætlunar á síðasta ári voru framkvæmdir til stórverkefna á Vestfjörðum sumarið 1997 skornar niður í 475 milljónir króna og nú hefur verið ákveðið að skerða það fé um 60 milljónir til viðbótar. Þá var við almenna endurskoðun vegaáætlunar í fyrra ákveðið að skera framkvæmdafé við tengivegi á Vestfjörðum niður í 38 milljónir og nú hefur verið ákveðið að skerða það fé um fjórar milljónir króna til viðbótar. Samtals nemur niðurskurður til vegamála á Vestfjörðum í ár því um 75 milljónum króna.

Þrátt fyrir þennan niðurskurð til vegamála á Vestfjörðum, hafa þingmenn kjördæmisins náð saman um úrlausnir, sem fela í sér umtalsverðar breytingar frá upphaflegum framkvæmdaáformum, til móts við óskir heimamanna. Nánar er sagt frá þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru í vegamálum á Vestfjörðum í ár í grein Sighvatar Björgvinssonar, alþingismanns á bls. 7 í blaðinu í dag.

Slunkaríki

Sýning á verkum Ragnheiðar

Á laugardag verður opnuð sýning á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur í Slunkaríki á Ísafirði. Á sýningunni mun Ragnheiður sýna kolateikningar og grafíkverk en þess má geta að verk hennar eru m.a. í eigu Listasafns Íslands, Kjarvalsstaða og Norræna hússins auk þess sem verk eftir hana eru víða á söfnun erlendis.

Ragnheiður hefur haldið fjölda einkasýninga, bæði hér á landi og erlendis. Hún sýndi m.a. grafíkverk í bókasafninu á Ísafirði í desember 1976. Ragnheiður hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín, m.a. hlaut hún menningarverðlaun DV 1995. Ragnheiður hlaut 3ja ára starfslaun árið 1996. Sýningin verður opin fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 16-18 til mánaðarmóta.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Magnús Hávarðarson
Netfang:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Leiðari

Kaffið í Brasilíu

Nýleg hækkun gjaldskrár Hitaveitu Reykjavíkur, í beinu framhaldi af hækkun byggingarvísitölu, fór fyrir brjóstið á formanni VSÍ. Það má marka af ræðu hans á aðalfundi samtakanna í síðustu viku. Formaðurinn kvað tíma sjálfvirkra verðhækkana í takt við vísitölu löngu liðinn: ,,Því miður eru þessi einföldu sannindi ekki öllum ljós og mér virðist, að opinberir aðilar eigi erfiðast með að yfirgefa gömul vinnubrögð.” Já, það hefur lengi verið erfitt að kenna gömlum hundi að sitja.

Eftir langt tímabil verðbólgu og dúndrandi fjárfestingafyllerí uppgötvuðu stjórnmálamenn verðtryggingarveiruna, sem flest siðaðra manna þjóðfélög eru laus við. Eftir að vísitölusóttin hafði grasserað um nokkurt skeið áttuðu stjórnvöld sig á, að því aðeins kæmi þessi hernaðartækni þeim að gagni, að áhrifa hennar gætti bara á annan veginn. Þess vegna afnámu stjórnvöld verðtryggingu launa. Verðtrygging lána hélt á hinn bóginn áfram eins og ekkert hefði í skorist.

Afleiðing þessa séríslenska fyrirbrigðis bitnar hart á þeim hluta þjóðarinnar sem á þessum árum hefur staðið í því að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Þrátt fyrir himinháar greiðslur í formi afborgana, verðbóta og vaxta hefur höfuðstóll lána hækkað ár frá ári, langt umfram breytingar á verði eigna. Þetta þýðir einfaldlega gífurlega eignaupptöku ríkisins hjá þessu fólki.

Ábending formanns VSÍ beindist að afleiðingu, ekki orsök. Orsökin er handverk stjórnmálamanna, sem árum saman hafa leikið sér að smíði vísitalna til að mæla áhrif þessa og hins á samfélagið og hafa síðan að eigin geðþótta krukkað í mælikvarðann til breytinga í þágu ríkisvaldsins. ,,Vísitölufjöldskyldan” sem aldrei hefur getað lifað á lágmarkslaunum, sem þorra venjulegs launafólks er boðið upp á, er frægasta fyrirbrigðið í vísitöluleik stjórnvalda.

Það er eitt að búa til mælistikur til að átta sig á hræringum í þjóðfélaginu, og taka síðan ákvarðanir á faglegum og/eða pólitískum grunni út frá niðurstöðum þeirra; annað að nýta niðurstöðurnar athugasemdalaust til sjálfvirkrar stjórnunar líkt og stjórnmálamenn okkar hafa kosið að gera.

Vægt til orða tekið er það makalaust að verkalýðshreyfingin og samtök atvinnurekenda skuli samhliða, fljóta sofandi að feigðarósi og ekki lyft svo mikið sem litla fingri gegn þeim meinvætti, sem verðtryggingin er. Meinvætti sem ber að uppræta. Þetta stórmál var ekki einu sinni á góma í síðustu kjaraviðræðum. Það þarf að sparka hressilega í stjórnmálamennina í þessu máli, annars vakna þeir ekki.

Á meðan ekkert gerist verður almenningur að búa við það að húsbréfalánin haldi áfram að hækka og eignarhluturinn í íbúðinni að rýrna í hvert skipti sem breytingar verða á kaffimarkaðnum í Brasilíu.

Er hægt að ímynda sér öllu fráleitara kerfi?

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Menningarnefnd Ísafjarðarbæjar

Tólf umsóknir bárust um styrkveitingar

Tólf aðilar og félagasamtök sóttu um styrk til menningarnefndar Ísafjarðarbæjar en frestur til að sækja um styrk rann út fyrir stuttu. Nefndin sem hafði 1,2 milljónir króna til ráðstöfunar, taldi ekki rétt að úthluta allri fjárhæðinni strax og var ákveðið að ráðstafa ekki 200 þúsundum króna að þessu sinni.

Tillaga menningarnefndar um skiptingu styrksins til aðilanna tólf er sem hér segir. Eitt hundrað þúsund króna styrk fengu nemendur Tónlistarskóla Ísafjarðar vegna ferðalags til Póllands, Sólrisuhátíð, verkefnið Sumarkvöld í Neðstakaupstað, Menningarmiðstöðin Edinborg, Tónlistarfélag Ísafjarðar, Sunnukórinn og Litli Leikklúbburinn. Hallgrímur Sveinsson á Þingeyri fékk 80 þúsund króna styrk, Leikfélag Flateyrar, 70 þúsund og 50 þúsund króna styrki fengu Lúðrasveit Ísafjarðar, Slunkaríki og karlakórinn Ernir.

Vestfirskur skelfiskur hf.

Áætlað að veiðar geti hafist um miðjan júní

Nú fer að líða að því að hið nýja kúffiskskip Vestfirsks skelfisks hf., á Flateyri, verði tilbúið, en nú er unnið að ýmsum lagfæringum og breytingum á því í Bandaríkjunum. Að sögn Stefáns Jónssonar, stjórnarformanns fyrirtækisins, hafa orðið einhverjar tafir á verkinu, m.a. vegna skorts á slippplássi ytra, en hann reiknar með að skipið geti lagt af stað til landsins eftir viku til tíu daga. Áætlað er að veiðar geti hafist um miðjan júní, en gengið hefur verið frá ráðningu 5 manna áhafnar og verður Bjarni Harðarson skipstjóri.

Stefán segir að enn hafi ekki verið auglýst eftir starfsfólki í vinnsluna og telur það ekki tímabært fyrr en vitað er með vissu hvenær starfsemin getur hafist. Aðspurður segir hann að gerðar hafi verið ráðstafanir vegna ofnæmiseinkenna sem gætt hefur hjá starfsfólki kúffiskvinnsla.

„Það hefur verið lokið við að smíða klefa utan um suðutækin, en hann lætur frá sér gufu. Í þessum mánuði verður byggður skorsteinn við klefann, þannig að það á ekki að dreifast nein gufa til starfsfólks. Þessi ofnæmiseinkenni fylgja gufunni, þannig að með þessum ráðstöfunum gerum við okkur vonir um að þetta vandamál verði úr sögunni.“ Stefán segir að hlutafjársöfnun sé lokið og nýja hlutaféð, 24 milljónir, hafi verið greitt inn, en hlutafé fyrirtækisins er samtals 48 milljónir króna. Helstu hluthafar eru Hjálmur hf., Grandi hf., Miðnes hf. og Haraldur Böðvarsson hf.

Bygging nýs leikskóla á Ísafirði

Fjórir taka þátt í alútboði

Á fundi byggingarnefndar leikskóla í Ísafjarðarbæ, sem haldinn var fyrir stuttu, var gerð grein fyrir niðurstöðu forvals vegna byggingar nýs leikskóla á Ísafirði. Fjórir verktakar skiluðu inn gögnum vegna verksins, Naglinn ehf., Ágúst og Flosi hf., Eiríkur og Einar Valur hf., og Krosshamar hf.

Á fundinum var lagt fram mat bæjarverkfræðings á forvalsgögnum ásamt mati Guðmundar E. Kjartanssonar, endurskoðanda, á fjárhagslegri stöðu fyrirtækjanna. Að teknu tilliti til allra þátta útboðsgagna er það mat bæjarverkfræðings að allir tilboðsgjafar séu tækir til að bjóða í verkið. Byggingarnefnd samþykkti tillögu bæjarverkfræðings um að öllum framangreindum verktökum verði gefinn kostur á þátttöku í alútboði.

Djúpmannabúð í Ísafjarðardjúpi

Sumarstarfið að hefjast

Djúpmannabúð verður opnuð á laugardaginn eftir vetrardvalann og er opnunin nú nokkrum dögum fyrr en verið hefur undanfarin ár. Sömu aðilar munu sjá um reksturinn eða þau Álfhildur Jónsdóttir og Þór Helgason. Að sögn Álfhildar verður reksturinn með sama sniði og verið hefur, þ.e.a.s. bensín- og veitingasala ásamt því að gisting verður í boði. Haldið verður áfram að bjóða upp á kaffihlaðborðin vinsælu á laugardögum og sunnudögum og væntanlega verður fjölskylduhátíðin á sínum stað, um miðjan júlí. Álfhildur segir að í sumar verði vegurinn um Hestakleif lagfærður og telur það til mikilla hagsbóta. Hún er búin að kanna aðstæður og segir að vegurinn um Djúp sé nokkuð góður þessa dagana. Aðspurð segist hún jafnvel eiga von á auknu streymi ferðamanna í sumar og bindur vonir við Vestfjarðagöng í því sambandi.

Söngskemmtun

Karlakórinn Ernir og sópransöngkonan Guðrún Jónsdóttir halda söngskemmtun í Víkurbæ í Bolungarvík laugardaginn 17. maí kl. 16:00, Ísafjarðarkirkju föstudaginn 23. maí kl. 21:30 og í Félagsheimilinu á Þingeyri laugardaginn 24. maí kl. 16:00.

Ísafjarðarbær

Íþrótta og æskulýðs-fulltrúar funda

Íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúarnir ásamt mökum fyrir framan íþróttahúsið á Torfnesi.

Félag íþrótta- æskulýðs- og tómstundafulltrúa funduðu á Ísafirði um helgina en félagar hafa hist reglulega frá árinu 1984 til að fylgjast með og skiptast á upplýsingum um uppbyggingu þessa málaflokks hjá sveitarfélögum. Að sögn Björns Helgasonar, íþróttafulltrúa Ísafjarðarbæjar, vakti uppbygging íþróttamannvirkja í Ísafjarðarbæ mikla athygli fundargesta en farið var í skoðunarferðir m.a. til Flateyrar og Þingeyrar til að skoða nýja íþróttaaðstöðu á þessum stöðum. Björn segir að gestunum hafi einnig verið boðið að skoða ýmislegt annað markvert og var m.a. farið í bátsferð í Vigur sem vakti mikla lukku gesta.

Guðmundur Ólafsson, íþrótta- og tómstundafulltrúi Vestmannaeyja.

Björn segir að samskipti þessa hóps séu mjög mikilvæg vegna þess að menn nái að miðla upplýsingum og reynslu frá hverjum öðrum og þurfi ekki að sækja vatnið yfir lækinn, eins og hann orðar það. Hann segir að á meðal markmiða félagsins sé að móta heildarstefnu sem unnið verði eftir á sviði þessa málaflokks. Jafnframt að auka samstarf meðal félagsmanna og stuðla að aukinni þekkingu og fræðslu þeirra. Félagið hefur m.a. sem tilgang að standa að fræðslu til almennings um gildi íþrótta og æskulýðsstarfs og að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem vinna að hvers konar forvörnum Blaðið náði tali af einum fundargestanna, Guðmundi Ólafssyni, íþrótta- og tómstundafulltrúa frá Vestmannaeyjum, og spurði hann hvaða ávinning hann sæi af samskiptum sem þessum.

„Það eru þeir starfsmenn sveitarfélaga sem sjá um íþrótta-, æskulýðs- og tómstundamál sem hér eru staddir. Við erum bæði að halda við tengslunum og sjá hvað menn eru að gera á hverjum stað fyrir sig. Það er stór kostur að þurfa ekki sífellt að vera að finna upp hjólið og því tilvalið að læra af öðrum það sem betur má fara, því raunverulega erum við allir í því að reyna að gera betur. Nú er t.d. hægt að bera saman Vestmannaeyjar og Ísafjarðarbæ í fyrsta sinn því nú eru íbúarnir svipað margir eða um fimm þúsund manns.

Það er að sjálfsögðu óhagkvæmara hjá ykkur að vera á svona stóru svæði þar sem þið þurfið að vera með starfsemi á mörgum stöðum. Það er einmitt mjög spennandi að fylgjast með hvernig til tekst hérna því þetta er alltaf glíma um peninga hjá sveitarfélögunum. Þær breytingar sem orðið hafa síðan ég var hérna síðast eru mjög jákvæðar. Við erum búin að fara í félagsmiðstöðina og hitta Jón Björnsson sem fræddi okkur um sitt starf og svo hefur Björn Helgason, íþróttafulltrúi Ísafjarðarbæjar, sýnt okkur hvað hann er að gera. Ég verð að segja að við erum mjög stolt af kollegum okkar hérna fyrir vestan og okkur finnst vera metnaður í samfélaginu að gera þessa hluti vel. Það er auðvitað grundvallaratriðið að sveitarstjórnarmenn átti sig á mikilvægi þessa málaflokks þar sem þeir eru með í höndunum uppbyggingu fyrir æskuna og ungdóminn - að sjá til þess að unga fólkið alist upp í heilbrigðu umhverfi,“ sagði Guðmundur.

Ísafjörður

Fermingarsystkini hittast



Hópur fermingarsystkina sem fædd eru árið 1943 komu saman á Ísafirði um síðustu helgi til að minnast þess að fjörutíu ár eru liðin frá því þau fermdust. Hópurinn, sem hafði að geyma 27 einstaklinga af þeim 52 sem fermdust árið 1957, gerði sér margt til skemmtunar auk þess sem „gamli” bærinn var skoðaður. Meðal þeirra staða sem skoðaðir voru, var gamli ballstaðurinn, Gúttó, þar sem H-prent ehf., hefur verið til húsa undanfarin sjö ár. Meðfylgjandi mynd var tekin af hópnum við það tækifæri. Um síðustu helgi hittust einnig 50 ára fermingarsystkini og fleiri aldurshópar fermingarsystkina og gagnfræðinga munu hafa ákveðið að hittast á Ísafirði næstu helgar.

PIZZA 67 **Pantanasíminn er 456 3367** PIZZA 67

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ❑ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Bakkavegur 23: 133,8m² einbýlishús á einni hæð ásamt 34,9m² bílskúr. Verð kr. 8.900.000,-
Bakkavegur 25: 154m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-
Brautarholt 12: 143,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt 56m² bílskúr. Verð: 11.300.000,-
Dalbraut 13: 120,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Fagraholt 12: 156,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á minni eigna á Eyrinni möguleg. Tilboð óskast.
Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Heiðarbraut 6: 133,3m² einbýlishús á einni hæðásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-
Hjallavegur 19: 242m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð : 12.700.000,-
Hliðarvegur 26a: 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-

Skipagata 11: *78 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust strax. Tilboð óskast.*

Seljalandsvegur 20: *125,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-* ***Einnig:*** *161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög fallegt útsýni. Verð: 10.700.000,-*

Hlíðarvegur 38: 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-
Hlíðarvegur 48: 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög fallegt útsýni. Verð: 7.000.000,-
Miðtún 31: 190m² endaraðhús í norðurenda á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Silfurgata 9: 150m² einbýlishús, 4ra herbergja á tveimur hæðum, ásamt garði, kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.
Skólavegur 1: 62,8m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og þurrkhjalli. Verð: 3.700.000,-
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-
Stakkanes 6: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-
Strandgata 3: 130,5m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt geymslu-skúr. Verð 3.500.000,-
Tangagata 6a: 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt litlum kjallara. Verð: 6.800.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Verð: 5.900.000,-
Fjarðarstræti 4: 120m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjöbýlishúsi. Verð kr. 6.500.000,-
Fjarðarstræti 14: 191m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæðí tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 6.200.000,-
Fjarðarstræti 38: 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þríbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-
Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þríbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
Sólgata 5: 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-
Stórholt 7: 116m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus fljótlega. Verð: 7.800,000,-
Tangagata 20: 70m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Engar áhvílandi veðskuldir. Verð: 3.500.000,-
Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Mikið uppgerð. Verð: 6.700.000,-
Urðarvegur 25 - Hraunprýði: 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98m² íbúð á 2. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sérgeymslu. Verð: 6.900.000,-
Fjarðarstræti 13: 80m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, tvö aukaherbergi í risi og kjallara. Verð 5.900.000,-
Hlíðarvegur 27: 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppí. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 67: 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-
Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
Stórholt 11: 80m² 3ja herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 11: 80 m² 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
Stórholt 11: 72,6m² 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

2ja herbergja íbúðir

Hlíf II: 50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra Verð: 6.100.000,-
Hlíf II: 50,4 m² íbúð á 4. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-
Sundstræti 24: 69m² íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi. Íbúðin er mikið uppgerð. Verð: 5.200.000,-

Súðavík

Holtagata 26: 86,9m² parhús á einni hæð, byggt 1996. Verð: 5.500.000,-

Túngata 21: *77,5m² 4ra herbergja risíbúð í þríbýlishúsi. Verð: 5.600.000,-*

Ísafjörður

BarPar á hótelinu

Barflugurnar og Regnbogahótelin standa fyrir sýningum á BarPari víða um land á næstunni þ.á.m. á Hótel Ísafirði, en þar verða tvær sýningar, laugardaginn 24. maí og sunnudaginn 25. maí og hefjast báðar sýningarnar kl. 20:30. BarPar eftir Jim Cartwright, hefur verið sýnt yfir hundrað sinnum í Reykjavík og þar áður á Akureyri við góðar undirtektir áhorfenda.

Saga Jónsdóttir og Guðmundur Ólafsson leika parið sem er í brennidepli og einnig alla gestina sem eru á ýmsum aldri og afar ólíkir og skemmtilegir persónuleikar. Á barnum þar sem leikritið gerist, er glatt á hjalla en stutt í kvikuna og skerandi sársaukann. Boðið verður upp á leikhúsmatseðil fyrir sýningu og er þeim sem áhuga hafa á að sjá sýninguna bent á að panta miða tímanlega þar sem sætafjöldi er takmarkaður. Áhorfendur munu sitja við borð á meðan á sýningu stendur og geta þeir notið veitinga um leið.

Félagsmálaráðherra í fundarherferð um landið

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum kynnt

Páll Pétursson, félagsmálaráðherra, hefur að undanförnu haldið fundi víðsvegar um landið, þar sem hann hefur kynnt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Til þessa hafa verið haldnir fundir á Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, Reykjanesbæ, Borgarbyggð og Varmahlíð og nú er komið að Ísafjarðarbæ. Fundur félagsmálaráðherra verður haldinn á 4. hæð Stjórnsýsluhússins á Ísafirði, þriðjudaginn 20. maí kl. 20:30, og er hann öllum opinn.

Markmið fundanna er að kynna gerð framkvæmdaáætlunarinnar og safna hugmyndum og ábendingum varðandi verkefni hennar. Núgildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, var samþykkt á Alþingi 7. maí 1993 og gildir hún til ársloka 1997, en unnið er að gerð nýrrar áætlunar sem taka mun gildi um áramót. Í frétt frá ráðuneytinu segir að mikilvægt sé að verkefni nýrrar framkvæmdaáætlunar verði sem fjölbreyttust og að tekið verði á þeim atriðum sem mestu máli skipta í jafnréttismálum.

Meðal ræðumanna á fundinum eru þau Páll Pétursson, félagsmálaráðherra, Elín R. Líndal, formaður Jafnréttisráðs, Elsa S. Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri, Jónína Ólöf Emilsdóttir, aðstoðarskólastjóri GÍ og Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Skipasmíðastöðvarinnar hf., á Ísafirði. Eftir ávörp verða almennar umræður.

Ísafjörður

Tónleikar Póllandsfara

Annað kvöld kl. 20:30 munu fimmtán nemendur Tónlistarskóla Ísafjarðar halda tónleika í sal Grunnskólans á Ísafirði. Nemendurnir, sem eru að undirbúa ferð til Póllands undir lok þessa mánaðar, munu leika á píanó, harmónikku, fiðlu og selló auk þess sem þeir munu syngja fyrir tónleikagesti.

Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Corelli, Vivaldi, Mozart, Handel og pólska tónskáldið Grazyna Bacewicz. Þá verða flutt íslensk verk eftir Jón Leifs, Hjálmar Helga Ragnarsson og Jónas Tómasson, en eftir hann verður flutt verkið „Glacioso" sem var sérstaklega samið af þessu tilefni. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og er öllum heimill aðgangur.

Núpur í Dýrafirði

Félag um skjólskóga stofnað

Þrjátíu og tveir aðilar gerðust stofnfélagar að félagi um skjólskóga á fundi sem haldinn var að Núpi í Dýrafirði á fimmtudag í síðustu viku. Á fundinum var ákveðið að gefa félaginu nafnið Skjólskógar, en það er samheiti á skógræktar- og skjólbeltaverkefni í Dýrafirði, Önundarfirði og hluta Arnarfjarðar.

Í samþykktum félagsins segir m.a. að þeir geti orðið félagar sem áforma að stunda skógrækt, skjólbeltarækt eða landgræðslu samkvæmt áætlun um skjólskóga. Framkvæmdaáætlun fyrir árið 1997 var samþykkt á fundinum en kostnaður við hana er áætlaður 4,2 milljónir króna. Stærstu kostnaðarliðir eru framkvæmdir á tveimur svæðum; að Tröð í Önundarfirði og Hjarðardalsþorpi í Dýrafirði. Þá var ákveðið á stofnfundinum að ráða skógfræðing til a.m.k. þriggja mánaða vinnu á árinu við skipulagningu og áætlanagerð.

Í stjórn Skjólskóga voru kjörnir þrír aðalmenn, þeir Sæmundur K. Þorvaldsson, formaður, Guðmundur Steinar Björgmundsson, ritari og Þórir Örn Guðmundsson, gjaldkeri. Í varastjórn voru kjörnir þeir Jón Fr. Jónsson og Halldór Mikkaelsson.

Lesendur!

Vegna hvítasunnuhelgarinnar kemur næsta tölublað BB út fimmtudaginn 22. maí.

Fáfnir hf. á Þingeyri

Eignirnar auglýstar til sölu

Nú hefur náðst samkomulag milli Byggðastofnunar, Landsbankans og Fiskveiðasjóðs um yfirtöku helstu eigna Fáfnis hf. á Þingeyri. Eignarhaldsfélag hefur verið stofnað um eignirnar sem eru auglýstar til sölu í Bæjarins besta í dag. Samkvæmt heimildum blaðsins mun áhugi forsvarsmanna Bolfisks hf. í Bolungarvík á eignunum enn vera til staðar, en fram hefur komið að þeir hyggjast vinna svokallaðan rússafisk á Þingeyri ef af áformum þeirra verður, en fyrirtækið hefur um þriggja ára reynslu af vinnslu þess hráefnis.

Ketill Helgason, framkvæmdastjóri Bolfisks hf., vildi ekki staðfesta við blaðið að ætlunin væri að gera tilboð í eignirnar á Þingeyri. „Með tilkomu þessa eignarhaldsfélags munum við skoða okkar mál og meta stöðuna upp á nýtt," sagði Ketill.



Ketill Helgason.

Talið er að a.m.k. mánuður muni líða þar til einhver vinnsla fer af stað á Þingeyri.

Ísafjörður

„Barbí er dauð"

Jónína Benediktsdóttir, líkamsræktarfrömuður með fleiru heldur fyrirlestur á Hótel Ísafirði á fimmtudag í næstu viku. Í fyrirlestri Jónínu hvetur hún konur til að gefa sýndarmennsku og útlitsdýrkun upp á bátinn og vera þær sjálfar.

Jónína fer skemmtilega og á dálítið spaugilegan hátt í gegnum sögu kvenna, frá fermingaraldri og þar til þær eru komnar um fertugt. Í tengslum við fyrirlesturinn mun Hótel Ísafjörður bjóða konum upp á léttan kvöldverð sem byrjar kl. 19:30. Verð á kvöldverði ásamt fyrirlestri er kr. 1.500. Þar sem fyrirlestur þessi hefur verið mjög vinsæll, leggja skipuleggjendur til að konur bóki sig sem fyrst í síma 456 4111.

Ísafjarðardjúp

Hver teiknaði Vegaálfinn?

Merki Vina vega á Vestfjörðum sumarið 1997 verður Vegaálfurinn á myndinni, en hann er málaður á stein í Reykjafirði í Ísafjarðardjúpi. Vegaálfurinn verndar vegfarendur sem leið eiga um vestfirska vegi og fær í sumar nýtt hlutverk sem „andlit" Vina veganna ´97.

Vinir veganna og Vestfirðingar auglýsa hér með eftir þeim sem málaði þessa mynd á steininn fyrir u.þ.b. 30 árum síðan. Ef þessari tilkynningu er ekki svarað, telja ofangreindir sig hafa fullan rétt til notkunar á honum. Vinsamlega hafið samband við Sigríði í síma 456-4111 eða Einar Snorra í síma 562-6463 eða 456-3883 ef þið kannist við myndina.

Eins og sjá má á myndinni er Vegaálfurinn greinilega hinn vænsti karl og glaðlegur mjög. Vinir veganna auglýsa eftir þeim sem teiknaði myndina fyrir 30 árum.

Að búa í húsi sem snjóflóð hefur fallið á

Búseta í húsunum við Dísarland sem lentu í snjóflóðunum í vetur, er á ábyrgð íbúanna sjálfra.

Eru það ekki gölluð lög sem segja það í lagi að byggja upp hús og búa í því, þrátt fyrir að snjóflóð hafi fallið á það og þrátt fyrir að til engra varnaraðgerða hafi komið?

Í síðustu viku var greint frá því í blaðinu að Ísafjarðarbær hyggðist selja uppkeyptar húseignir í Hnífsdal með sömu skilyrðum og gilda um Tunguskóg, þ.e.a.s. að búseta í þeim verði ekki leyfð frá 15. nóvember til 15. apríl, ár hvert. Ekkert þessara húsa hefur orðið fyrir snjóflóði.

Í Bolungarvík olli snjóflóð töluverðum skemmdum á tveimur húsum við Dísarland þann 21. febrúar s.l., en engin slys eða dauðsföll urðu af völdum þess, sem kannski má rekja til þess að íbúunum bar gæfa til að koma sér út úr híbýlum sínum að eigin frumkvæði, áður en flóðið féll. Nú hafa íbúar annars hússins flutt aftur inn og fyrirséð að íbúar hins hússins eigi engra annarra kosta völ en að gera slíkt hið sama. Eigendur tveggja húsa við Dísarland hafa sent erindi til bæjarstjórnar Bolungarvíkur þar sem þeir óska eftir uppkaupum á húseignum sínum, en litlar líkur eru taldar á að af því geti orðið á næstu árum, a.m.k. ekki fyrr en kemur að Bolungarvík í forgangsröðun umhverfisráðuneytisins á varnaraðgerðum vegna snjóflóða og skriðufalla. Þeim, eins og öðrum íbúum við Dísarland, er því nauðugur einn kosturinn að halda áfram að búa í húsum sínum og lifa í stöðugum ótta við að sagan frá s.l. vetri endurtaki sig. Engin takmörkun er á búsetu í húsum við Dísarland, þrátt fyrir reynsluna í vetur, en eftir því sem næst er komist, þá er ábyrgðin á búsetunni öll íbúanna sjálfra - íbúanna sem komast ekki burtu frá óseljanlegum eignum sínum. Sjálfsagt þurfa einhverjir íbúar annarra byggðarlaga að lifa við svipaðar aðstæður, en þetta dæmi frá Bolungarvík er nærtækt og ljóst í minningunni og þess vegna er það tekið hér. Framangreint er staðreynd sem vekur upp spurningar og því er spurt:

Er þetta réttlætanlegt? Hver ber ábyrgðina ef um fleiri snjóflóð verður að ræða á næstu vetrum, sem e.t.v. gætu valdið slysum eða dauðsföllum? Er ekki brotalöm í reglugerðum varðandi framangreint? Þarf ekki að vera samræmi í forvarnaraðgerðum á stöðum þar sem uppkaup hafa farið fram og þeim stöðum þar sem snjóflóð hafa fallið á hús? Eru það ekki gölluð lög sem segja það í lagi að byggja upp hús og búa í því, þrátt fyrir að snjóflóð hafi fallið á það og þrátt fyrir að til engra varnaraðgerða hafi komið?

BB freistaði þess að leita svara við spurningum þessum og leitaði álits nokkurra aðila sem þekkja til umræðunnar um snjóflóðamál.

Setja þarf reglur um uppkaup húsa

Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík, sagði í samtali við blaðið að hann teldi óskynsamlegt að byggja upp húseignir sem snjóflóð hafa fallið á og það hlyti að vera eðlilegt að eignirnar væru keyptar í stað þess að þær væru endurbyggðar. „Ef ljóst þykir að viðkomandi svæði er snjóflóðahættusvæði, þá höfum við skyldur við íbúana hvort sem snjóflóð hefur fallið á hús þeirra eða ekki, vegna þess að snjóflóð geta jafnt fallið á morgun eins og í gær. Að vega þetta og meta er vandi sem við stöndum frammi fyrir,“ sagði Ólafur.

- En telur hann að það sé vandkvæðum bundið að setja ákveðnar reglur um uppkaup húsa sem snjóflóð hafa fallið á?

„Ég tel rétt að það verði gert. Þegar snjóflóð fellur á hús, þá hlýtur að vera afskaplega óeðlilegt að eyða fyrst milljónum í endurbyggingu og ætla síðan að kaupa það upp. Ég hef þá trú að árið 2001, verði hér í Bolungarvík gengið til uppkaupa og framkvæmda við varnargarða á þessu nú ljósa hættusvæði og því verður að teljast óeðlilegt að byggja upp hús sem síðan verður rifið. Við höfum fengið erindi frá eigendum Dísarlands 10, sem var annað húsanna sem snjóflóð skemmdi í vetur, þess efnis að þeir óskuðu eftir uppkaupum. Við höfum sent erindið áfram til umhverfisráðuneytisins með greinargerð okkar, þar sem við tökum undir sjónarmið eigendanna um að hús þeirra verði keypt upp nú þegar. Fyrir snjóflóðið í vetur höfðu eigendur annars húss við Dísarland sent inn erindi um uppkaup. Það er ljóst að þeir sem hafa með þessi mál að gera af hálfu stjórnvalda, er vandi á höndum því fjárhagslega geta þeir ekki leyst vandamál allra á sama tíma. Við getum ekki lokað augunum fyrir því að þetta er vandamál á landsvísu upp á 8 milljarða króna og þeir fjármunir eru bara ekki til.

Hús sem lenda í snjóflóðum þurfa að njóta forgangs

„Það eru til reglur og lög um þetta, en það er svo annað mál hvort þær eru nógu góðar og skýrar. Eigandi húsanna í Hnífsdal er Ísafjarðarbær en einstaklingar eiga húsin við Dísarland í Bolungarvík og þar liggur munurinn,“ sagði Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður Vestfirðinga, í samtali við blaðið.

„Í frumvarpi um snjóflóð og skriðuföll, sem verður sennilega samþykkt næstu daga, er gert ráð fyrir að umhverfisráðuneytið geti sett reglur um takmarkaða búsetu í húsum sem hafa verið keypt upp og eru í eigu sveitarfélaga. Í síðustu viku stóð til að ljúka afgreiðslu þessa frumvarps og gera það að lögum, en afgreiðslu þess var frestað um sinn að minni ósk, vegna þess að ég vildi fá ákeðin svör, m.a. vegna Bolungarvíkur. Ég kom því sjónarmiði á framfæri, að í þeim tilfellum þar sem snjóflóð falla á hús, þá verði að bregðast við og taka ákvörðun um varnir fyrr en áætlanir gera ráð fyrir, þ.e.a.s. um gerð varnargarða eða uppkaup húsa. Þetta þarf að vera skýrt í lögum til að sveitarstjórnir geti tekið sína ákvörðun og íbúarnir fengið úrlausn sinna mála. Í framkvæmdaáætlun um varnir gegn snjóflóðum, sem nú er verið að semja, ætti að mínu viti að vera ákvæði um að þeir staðir sem verða fyrir snjóflóðum njóti forgangs. Umhverfisráðherra er ekki tilbúinn til að breyta neinu þarna um og því verður t.d. Dísarlandið í Bolungarvík ekki skoðað fyrr en árið 2001. Það verður sem sagt ekkert tekið fyrr á málinu, þrátt fyrir þessa viðvörun í vetur,“ sagði Kristinn.

- En nú eiga íbúarnir engra kosta völ annarra en að lagfæra hús sín og hefja búsetu í þeim aftur, því ekki geta þeir rekið margar húseignir. Hver ber þá ábyrgðina ef snjóflóð falla þarna aftur áður en gripið hefur verið til varnaraðgerða?

„Íbúarnir sjálfir bera þá ábyrgð eins og áður. Þeir geta trúlega ekki selt þessar eignir, þannig að þeir eru í þeirri stöðu að vera skildir eftir í fjögur ár. Þessari staðreynd kom ég á framfæri í þinginu, en umhverfisráðherra var á öndverðum meiði, því miður,“ sagði Kristinn.

Raunhæfar aðgerðir eru aðalatriðið

Blaðið hafði samband við Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra í Umhverfisráðuneytinu, en hann hafði eftirfarandi um málið að segja:

„Talið er að milli 1200 - 1300 íbúðarhús í þéttri byggð hér á landi búi við einhverja snjóflóðahættu. Þessi hætta er mismunandi mikil þó ekki sé hægt að segja nákvæmlega fyrir hvar hættan sé mest, hvar minnst o.s.frv., en í raun má segja að við ákveðin skilyrði geti öll þessi hús orðið fyrir snjóflóði. Hver ber ábyrgð á þessu ástandi er erfitt um að segja, enda um að ræða áratuga þróun í skipulags- og byggingarmálum sveitarfélaga. Aðalatriðið nú er hinsvegar að gripið sé til raunhæfra aðgerða til að koma í veg fyrir að íbúar þessara húsa verði fyrir slysi af völdum snjóflóða í framtíðinni.

Frá því að umhverfisráðuneytið tók við framkvæmd laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum 1. janúar 1996 hefur verið lögð áhersla á að auka rannsóknir sem bætt gætu forsendur hættumats og að stórefla eftirlit og vöktun sem bætt gætu mat á snjóflóðahættu og aukið öryggi snjóflóðaspáa. Lögð er áhersla yfir lengra tímabil að verja umræddar byggðir gegn snjóflóðum en á meðan það hefur ekki verið gert, að rýma umrædd hús hvenær sem talið er að snjóflóðahætta sé. Í þessum tilgangi hefur Veðurstofa Íslands útbúið sérstök rýmingarkort sem sveitarstjórnir/almannavarnanefndir fara eftir við rýmingu húsnæðis þegar hættuástand skapast. Þessar aðgerðir undir yfirstjórn ráðuneytisins miða að því að gera stjórnendur viðkomandi sveitarfélaga og yfirvöld almannavarna á hverjum stað betur í stakk búin til að taka ákvörðun um aðgerðir, hvort sem er bygging varna eða að ákveða rýmingu húsa þegar hættuástand skapast. Samkvæmt gildandi lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum er frumkvæði aðgerða í höndum sveitarstjórna. Lögin gera ráð fyrir því að sveitarstjórnir láti meta hættu á snjóflóðum og skriðuföllum og geri tillögur um aðgerðir til varnar eftir því sem ástæða er talin til.

Sveitarfélögin hafa frumkvæðið að varnaraðgerðum

Í samráði við stjórnendur þeirra sveitarfélaga sem búa við snjóflóðahættu í byggð fól umhverfisráðuneytið nefnd innlendra og erlendra sérfræðinga sl. sumar að meta aðstæður á hverjum stað og gera tillögur um varnaraðgerðir í hverju sveitarfélagi. Fyrir liggur að í flestum tilvikum er hér um að ræða risavaxin verkefni fyrir flest þau sveitarfélög sem í hlut eiga. Á grundvelli skýrslu sérfræðinganna hefur nú verið gerð rammaáætlun til 12 ára þar sem leitast hefur verið við að setja í forgangsröð þær varnaraðgerðir sem sérfræðinganefndin lagði til. Hefur þetta verið gert í nánu samráði við viðkomandi sveitarfélög sem eins og áður sagði hafa lögum samkvæmt frumkvæði og bera ábyrgð á snjóflóðavörnum hvert á sínum stað.

Að því er varðar nýtingu húsa sem sveitarfélög hafa keypt með stuðningi Ofanflóðasjóðs í stað þess að verja viðkomandi byggð, vegna þess að það er talið hagkvæmara, þá er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti ekki ákveðið nýtingu umræddra húsa nema að fengnu samþykki umhverfisráðuneytisins. Það gefur auga leið að Ofanflóðasjóður mun ekki geta fallist á að gera þurfi frekari ráðstafanir til snjóflóðavarna gagnvart öryggi þeirra húsa sem keypt hafa verið og því liggur fyrir að óski sveitarfélög eftir að nýta þessi hús þá verði gerðar það strangar kröfur um nýtingu þeirra að hún skapi ekki hættu fyrir fólk. Það skal tekið fram að ráðuneytinu hefur ekki borist beiðni frá Ísafjarðarbæ um nýtingu þeirra húseigna sem bæjarfélagið keypti með stuðningi Ofanflóðasjóðs í Hnífsdal á sl. ári.“

gallery PIZZA
Veitingastaður með stæl

Ef aðeins
það besta er nógu gott fyrir þig?
Þá bjóðum við þér ljúffengar pizzur, skyndibita og steikur á góðu verði.

Síminn er 456 5267

Sameining Kambs og Básafells

Hlutur Kambsmanna nemur 18% í Básafelli

Aðalfundur Kambs hf. var haldinn s.l. fimmtudag og þá gekk formlega í gildi sameining fyrirtækisins við Básafell hf. Af því tilefni náði blaðið tali af framkvæmdastjóra Kambs, Hinriki Kristjánssyni, m.a. til að forvitnast um hvernig staðið yrði að rekstrinum eftir sameininguna. Greinilega voru verkfallsmál efst í huga Hinriks og barst talið strax að þeim.

„Maður lifir auðvitað bara í voninni um að samningar fari að nást, því að það er frumskilyrði ef byggð á að viðhaldast hérna á svæðinu. Ég þori ekki að hugsa um afleiðingarnar ef verkfallið kemur til með að dragast á langinn," sagði Hinrik. Erlenda verkafólkið býður enn átekta á Flateyri, en að sögn Hinriks hefur borið á því að íslenska verkafólkið hafi horfið frá staðnum og ráðið sig í vinnu annars staðar. Hann telur að í ljósi þess verði ekki auðvelt að hefja starfsemina aftur og það taki örugglega sinn tíma.

Kambur hf. er nú í eigu Básafells og sagði Hinrik að nú yrði unnið samkvæmt samrunaáætlun. Hann sagðist eiga von á að starfsemin á Flateyri yrði með svipuðu sniði og verið hefur en vinna við endurskoðun og skipulagningu Básafells stendur yfir. Eignir Kambs hafa verið metnar inn í Básafell og nemur hlutafjáreign eigenda Kambs í Básafelli nú um 18% af heildarhlutafé.

„Ég held að það skipti ekki máli þótt ég færi að þylja upp tölur úr rekstrinum. Þetta verður bara eitthvað milliuppgjör hjá Básafelli þegar félögin og reksturinn verða komin saman, en reksturinn var tekin inn í Básafell frá áramótum. Það er gert ráð fyrir að áfram verði útgerð og vinnsla á Flateyri, en við erum í hagræðingarvinnu í dag undir nafninu Básafell, þannig að ég held að það sé of snemmt að úttala sig um með hvaða hætti það verður," sagði Hinrik, sem mun líklegast fá það hlutverk hjá Básafelli að hafa umsjón með bolfiskvinnslu fyrirtækisins.

„Ég held að allir bíði eftir að þessi vinnudeila leysist, þannig að menn geti snúið sér að hversdagsleikanum - að afla sjávarfangs og skapa verðmæti. Mín tilfinning er að fólki finnist nóg komið. Það er brýnt að þetta leysist því það bíða mörg spennandi verkefni," sagði Hinrik að lokum.

Tveir ungir strákar á Ísafirði, þeir Oddur Elíasson og Magnús Helgi Guðmundsson, héldu á dögunum hlutaveltu og færðu Rauða krossinum ágóðann af framtakinu, sem var 1.060,- krónur.

Ísafjörður

Ljónið hf. kaupir bílaleiguna Erni

Fyrir stuttu áttu sér stað eigendaskipti á bílaleigufyrirtækjum á Ísafirði. Heiðar Sigurðsson sem rekið hefur útibú fyrir Bílaleigu Akureyrar, keypti Bílaleiguna Erni af Gunnari Haukssyni, en Árni Þór Árnason, eigandi hreingerninga- og bílaþrifaþjónustunnar Massa sf., tók við rekstri útibús Bílaleigu Akureyrar.

Að sögn Árna verða höfuðstöðvar Bílaleigu Akureyrar í húsnæði Massa sf., að Suðurtanga 2, en ætlun hans er að kanna möguleika á aðstöðu í flugstöðvarbyggingunni á Ísafjarðarflugvelli, ef af fyrirhugaðri stækkun hennar verður. Árni segist vera vel í stakk búinn til að halda bifreiðum vel við, enda ætlunin að leggja höfuðáherslu á að bjóða ávallt upp á hreina bíla í toppstandi.

Heiðar Sigurðsson sagði í samtali við blaðið, að það væri Ljónið hf. sem væri eigandi og rekstraraðili Bílaleigunnar Ernis, en eins og kunnugt er, er Heiðar eigandi Ljónsins. Hann segir að bílaleigan, sem samanstendur af 6 bílum, verði rekin áfram með svipuðu sniði og verið hefur en hún er til húsa í flugstöðvarbyggingunni á Ísafjarðarflugvelli.

Til sölu

Lækkað verð

Til sölu er Tangagata 24, Ísafirði, einbýlishús og bílskúr. Verð kr. 10.400.000,-

Upplýsingar í síma 456 3763.

Vegaframkvæmdir á Vestfjörðum 1997

Þingmaðurinn skrifar

Sighvatur Björgvinsson.

Formaður Sjálfstæðisflokksins, Davíð Oddsson, gaf aðeins eitt kosningaloforð fyrir hönd síns flokks fyrir síðustu kosningar: Sjálfstæðirflokkurinn mun ekki skerða framkvæmdafé í vegamálum. Þetta eina kosningaloforð sitt sveik Sjálfstæðisflokkurinn strax á fyrsta vetri eftir kosningar. Vegaframkvæmdir voru skornar niður í fyrra. Þær eru skornar enn meira niður í ár.

Við endurskoðun gildandi vegaáætlunar, sem samþykkt var á liðnum vetri, voru framkvæmdir til almennra stofnframkvæmda á Vestfjörðum árið 1997 skornar niður í 130 milljónir. Nú á að skera niður til viðbótar um 11 milljónir króna.

Við almenna endurskoðun vegaáætlunar í fyrra voru framkvæmdir til stórverkefna á Vestfjörðum sumarið 1997 skornar niður í 475 milljónir króna. Nú á að skera þar niður um 60 milljónir til viðbótar.

Við almenna endurskoðun vegaáætlunar í fyrra voru framkvæmdir við tengivegi á Vestfjörðum skornar niður í 38 milljónir. Nú á að bæta 4 milljónum við þann niðurskurð. Ríkisstjórnin áformar sem sé viðbótarniðurskurð í vegaframkvæmdum á Vestfjörðum á sumrinu 1997, samtals að fjárhæð 75 milljónir króna. Það kemur alllt niður á framkvæmdum því verulegur hluti af vegafé

„Þingmenn hafa hins vegar reynt að skipta því takmarkaða framkvæmdafé sem fékkst, með hliðsjón af óskum heimamanna."

Vestfirðinga á því ári fer til þess að greiða skuldir kjördæmisins vegna heimaframlags til þeirra stórverkefna, svo sem eins og jarðgangna, sem unnar hafa verið.

Stórátak á Barðaströnd og í viðhaldi malarvega

Þessi niðurskurður á framkvæmdafé setur okkur þingmenn Vestfirðinga í mikinn vanda. Engu að síður höfum við náð saman um úrlausnir, sem fela í sér umtalsverðar breytingar frá upphaflegum framkvæmdaáformum til móts við óskir heimamanna. Helstu breytingarnar eru þessar:

Hafist verður handa um stórátak í vegagerð á Barðaströnd þannig að nú hillir undir lok þess, að vegurinn frá brúnni yfir Pennu og að vegamótum við Kleifaheiði verði allur lagður varanlegu slitlagi. Framlag til framkvæmda á Barðastrandarvegi verður hækkað mjög verulega strax sumarið 1997 og stórátak ráðgert árið 1998, en gildandi vegaáætlun gerði ekki ráð fyrir neinum framkvæmdum á því ári. Alls munu tæplega 90 milljónum króna verða varið til vegagerðar á Barðaströnd þessi tvö ár, auk fjár til brúargerða. Framkvæmdaáætlanir verða nú allar endurskoðaðar með hliðsjón af því, m.a. þarf að velja nýtt vegastæði á leiðinni frá Birkimel að Múla, en ljóst er, að með þessu átaki mun takast á þessu og næsta ári að ljúka að mestu framkvæmdum á Barðastrandarvegi. Einnig var tekin ákvörðun um það í þingmannahópnum að halda síðan sleitulaust áfram yfir Kleifaheiðina og í botn Ósafjarðar, þar sem slitlagsendi er, en það verk er gróflega áætlað að kosti um 200 milljónir króna.

Þá var ákveðið að ráðast nú í sumar í yfirgripsmiklar endurbætur á malarvegum í kjördæminu. Lokið verður við endurbyggingu vegarins yfir Eyrarfjall í Ísafjarðardjúpi, sem hafið var í fyrra, og vegurinn yfir Dynjandisheiði styrktur og endurbættur með einu átaki.

Þetta eru mestu endurbætur á gömlu malarvegunum, sem ráðiðst hefur verið í um langt skeið, og var sannarlega kominn tími til. Samtals gætu þessar endurbætur kostað 30-40 milljónir króna, en heildarkostnaður við endurbætur og styrkingar á veikustu köflunum á þeim hluta stofnvegakerfisins á Vestfjörðum, sem ekki verður unnt að leggja á varanlegt slitlag í nánustu framtíð, er talinn geta numið allt að 150 milljónir króna. Sá, sem þetta ritar, er sérstaklega ánægður með að nú skuli loksins gert eitthvað umtalsvert til þess að bæta vestfirsku malarvegina, því ástand þeirra hefur vægast sagt verið afleitt undanfarin ár.

Djúpvegur - Óshlíð

Vegagerð á Djúpvegi heldur áfram. Ný brú verður byggð á Víðdalsá og boðinn út nýr kafli frá Ögri að Laugardalsá (ca. 8 km). Slitlag verður lagt á þann kafla á næsta ári. Þá verður haldið áfram árið 1998, vænt-anlega frá Laugardalsá að Þernuvík. Gagnrýni kom fram á hvernig að framkvæmdum var staðið á Djúpvegi á sl., ári og mun Vegagerðin gera ráðstafanir til þess að nýbyggingarkaflinn verði gerður sæmilega akfær á meðan framkvæmdir standa yfir, en svo var alls ekki á síðastliðnu sumri.

Sérstök nefnd samgönguráðherra hefur fjallað um Óshlíðina. Sú nefnd hafði ekki lokið störfum þegar þingmenn funduðu með Vegagerðinni en okkur var sagt, að tillagna nefndarinnar væri að vænta alveg á næstunni. Var á Vegagerðarmönnum að skilja, að í þeim tillögum yrði ekki gert ráð fyrir byggingu fleiri vegskála á Óshlíð en áhersla lög á varnir gegn grjótflugi og í giljum. Fé til framkvæmda á Óshlíð verður 15 milljónir í sumar og 10 milljónir á næsta ári samkvæmt vegaáætluninni.

Áformuðum framkvæmdum í Gilsfirði verður haldið áfram eins og til stóð.

Patreksfjarðarflugvöllur - Snæfjallastrandarvegur

Vestfirðingar hafa alltaf haft tiltölulega lítið fé til framkvæmda við svonefnda „tengivegi" - þ.e. til framkvæmda við þjóðvegi utan aðalþjóðvega. Svo verður einnig í sumar. Framkvæmdir munu einskorðast við tvo staði.

Í fyrsta lagi endurbyggingu á veginum frá botni Ósafjarðar við Patreksfjörð, um Skápadalshlíð og að Hvalskeri. Framkvæmdakostnaður er áætlaður 23 milljónir króna. Þessi framkvæmd hefur dregist úr allri hömlu. Hún var boðin út á liðnu hausti og átti fyrir löngu að vera hafin. Verktakinn hefur hins vegar ekkert farið af stað fyrr en nú um þessar mundir og gæti vegagerðin því valdið töfum á þessari vinsælu ferðamannaleið í sumar. Slíkt er alls ekki viðunandi og var sérstaklega rætt á fundi þingmanna með Vegagerðinni.

Í öðru lagi framkvæmdir á Snæfjallastrandarvegi fyrir 5 milljónir króna. Á árinu 1998 er svo gert ráð fyrir framkvæmdum á Strandavegi um Balana fyrir 10 milljónir króna og á Drangsnesvegi fyrir 27 milljónir króna.

Í mörg horn að líta

Það er ljóst, að fjölmargar vegaframkvæmdir á Vestfjörðum verða enn að sitja á hakanum. Hefðu þingmenn haft til ráðstöfunar þær 75 milljónir króna sem ríkisstjórnin ákvað að skera niður til viðbótar framkvæmdafé til vegamála á Vestfjörðum á árinu 1997, hefði verið hægt að sinna sumum þeim verkefnum, sem nú þurfa að bíða.

Þingmenn hafa hins vegar reynt að skipta því takmarkaða framkvæmdafé, sem fékkst, með hliðsjón af óskum heimamanna. Hins vegar er það ekki gert af hálfu okkar stjórnarandstæðinga með glöðu geði, þó samkomulag hafi náðst í hópnum.

Sighvatur Björgvinsson, alþingismaður.

Ísafjarðarbær fjárfestir í tölvubúnaði

Skrifstofur bæjarfélagsins nettengdar við aðalskrifstofu

Ísafjarðarbær hefur tekið tilboði Pólsins hf., á Ísafirði í tíu Laser tölvur sem þessa dagana er verið að setja upp á aðalskrifstofu bæjarfélagsins á Ísafirði sem og á svæðisskrifstofum þess á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Að sögn Þóris Sveinssonar, fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar, verða allar svæðisskrifstofur bæjarfélagsins nettengdar við aðalskrifstofu auk þess sem allar tölvur aðalskrifstofu verðar nettengdar.

Fjögur fyrirtæki sendu inn tilboð í tölvubúnaðinn og átti Póllinn hf., lægsta tilboðið kr. 1.192.900, sem er 86,7% af kostnaðaráætlun, sem hljóðaði upp á kr. 1.376.000. Snerpa ehf., á Ísafirði bauð kr. 1.219.262 í tölvurnar tíu, Nýherji hf., í Reykjavík bauð kr. 1.357.024 og Reiknistofa Vestfjarða ehf., bauð kr. 1.376.286. Auk framangreindra breytinga er fyrirhugað að hver starfsmaður aðalskrifstofu fái sitt eigið netfang á Internetinu og eiga bæjarbúar í framhaldi af því, að geta sent fyrirspurnir og fleira til viðkomandi starfsmanns og fengið skriflegt svar í gegnum Netið hið fyrsta. Þá er unnið að gerð heimasíðu fyrir Ísafjarðarbæ og standa vonir til að hún verði komin í gagnið fyrir haustið.

Óshlíðarhlaupið

Nú taka allir þátt

Forsvarsmenn Óshlíðarhlaupsins komu að máli við blaðið og fóru þess á leit að í því yrði sérstakur dálkur fram að hlaupinu, sem hefði að markmiði að undirbúa væntanlega þátttakendur sem best fyrir hlaupið. Það er Stella Hjaltadóttir, íþróttakennari, sem gefa mun góð ráð en hún sagði í samtali við blaðið að tilgangurinn með framtakinu væri m.a. að fá sem flesta til að taka þátt.

Eftirfarandi æfingaáætlun er hugsuð fyrir byrjendur sem vilja taka þátt í 4 km skemmtiskokki eða 10 km í Óshlíðarhlaupinu 21. júní n.k. Áætlunin miðast við fimmtudag til miðvikudags vegna útgáfutíma blaðsins.

Fimmtudagur 15. maí til miðvikudags 21. maí 1997

Nokkur heilræði:

- Flýttu þér hægt - farðu ekki of geyst í upphafi.
- Teygðu alltaf á helstu vöðvahópunum eftir æfingu - haltu hverri teygju í 20-30 sek.
- Vandaðu val á íþróttaskóm - leitaðu ráða hjá fagfólki.
- Vertu í hæfilega víðum fatnaði svo þú eigir auðveldara með að hreyfa þig.
- Betra er að vera í fleiri þunnum flíkum en einni þykkri, vegna þess að þá er auðveldara að fækka fötum ef þér verður og heitt.
- Húfur, vettlingar og treflar eru nauðsynlegur klæðnaður í miklum kulda. Hitatap frá höfði er umtalsvert ef ekki er notuð húfa.
- Ganga/hlaup er einhæf þjálfun. Því er gott að synda eða hjóla með því þannig þjálfar þú allan líkamann.

Fim.	Fös.	Lau.	Sun.	Mán.	Þri.	Mið.
15/5	16/5	17/5	18/5	19/5	20/5	21/5
G 15mín Hv		**G 20mín**	**G 25mín**	**Hv**	**G 20mín**	**Hv**

G=ganga Hv=hvíld

Ég vona að sem flestir fari nú af stað, því það er aldrei of seint að byrja að hreyfa sig. Meira í næsta blaði og þar á meðal ráðleggingar um réttar teygjuæfingar.

Stella Hjaltadóttir.

Frumvarp til laga um snjóflóð og skriðuföll

Heimilar brýnar framkvæmdir

Í frumvarpi til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem nú er til umræðu á Alþingi og búist er við að verði afgreitt fyrir þinglok, er tillaga um ákvæði til bráðabirgða um nýja byggð og nýbyggingar í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu. Tillagan gerir ráð fyrir að þar til hættumat hefur verið staðfest skuli sveitarstjórn leggja fram tillögu um skipulag nýrrar byggðar og nýbygginga og skal tillagan vera í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur. Áður en ráðherra setur reglurnar skal hann hafa fengið tillögur frá Skipulagi ríkisins, Veðurstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einnig skal liggja fyrir bráðabirgðahættumat fyrir viðkomandi svæði.

Tillagan miðar að því að heimila brýnar framkvæmdir í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu, en jafnframt er lögð áhersla á, að ekki verði hafnar framkvæmdir á svæðum sem ljóst þykir að séu hættusvæði áður en hættumat liggur fyrir.

Ísafjarðarbær mun líta mjög til þessa ákvæðis frumvarpsins og telur að það muni létta lífið í sambandi við skipulagningu framtíðarbyggingarsvæðis sveitarfélagsins.

Ísafjarðarbær

Tekur 100 milljóna króna lán

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ganga til samninga við Handsal hf., í Reykjavík vegna 100 milljóna króna láns, sem bæjarfélagið bauð út fyrir stuttu.

Þrjár fjármálastofnanir gerðu tilboð vegna lántökunar og var í öllum tilfellum miðað við lán til 20 ára. Handsal hf., bauð 5,95% vexti, Viðskiptastofa Íslandsbanka bauð 6,00% og Landsbréf og Landsbanki Íslands buðu 6,15% vexti.

Húseign til sölu

Tilboð óskast í húseignina Fjarðarstræti 35.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 456 3794, eftir kl. 17:00.

Til sölu

1. Hafnarstræti 9-11 (hraðfrystihús), Þingeyri.

2. Fiskimjölsverksmiðja á Þingeyrarodda, Þingeyri.

3. Skreiðargeymsla á Þingeyrarodda, Þingeyri.

4. Neðra fiskhús sambyggð skreiðarhús á Oddanum, Þingeyri.

Eignirnar seljast í einu lagi, ásamt vélum, tækjum og áhöldum. TIlboð óskast sundurliðað á hverja eign fyrir sig. Skila þarf inn tilboðum fyrir 20. maí nk.

Upplýsingar um eignirnar veitir Páll Jónsson, Byggðastofnun, Engjateig 3, 105 Reykjavík, sími 560 5400. Græn lína 800 6600.

Orkubú Vestfjarða

Stakkanesi 1 • Ísafirði • Sími 456 3211

Funalögn

Hitaveita, Ísafirði

Orkubú Vestfjarða óskar hér með eftir tilboðum í lagningu á tveimur DN100mm hitaveiturörum frá Holtabraut í Holtahverfi á Ísafirði að Funa í samræmi við útboðsgögn frá verkfræðistofunni Fjarhitun hf.

Verkið felur í sér 2.400m skurðgröft, lagfæringu á vegöxl og lagningu 2.100m af hitaveiturörum (tvöfalt) með 360 samsetningum.

Verktaki skal ljúka verkinu eigi síðar en 18. júlí 1997. Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Orkubúsins, Stakkanesi 1, 400 Ísafirði, frá og með miðvikudeginum 14. maí gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 6.225,- kr. m. VSK fyrir hvert eintak.

Tilboðum skal skila á sama stað fyrir kl. 11:00 föstudaginn 23. maí 1997 og verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þar mæta.

Fundarboð á fund félagsmálaráðherra um framkvæmdáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum sem haldinn verður í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði 4. hæð 20. maí kl. 20:30

Núgildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna var samþykkt á Alþingi 7. maí 1993 og gildir hún til ársloka 1997. Unnið er að gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar til fjögurra ára sem taka mun gildi um næstu áramót.

Mikilvægt er að verkefni nýrrar framkvæmdaáætlunar verði sem fjölbreyttust og tekið verði á þeim atriðum sem mestu máli skipta í jafnréttismálum. Því ákvað félagsmálaráðherra að boða til samráðsfunda víða um land með fulltrúum sveitarstjórna og félagasamtaka sem og öðrum sem áhuga hafa á verkefninu. Markmið fundanna er að ræða áherslur í jafnréttismálum og safna hugmyndum og ábendingum varðandi gerð framkvæmdaáætlunarinnar.

Fundurinn verður haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði 4. hæð, þriðjudaginn 20. maí kl. 20:30.

Dagskrá fundarins verður sem hér segir:

Ávarp: *PállPétursson, félagsmálaráðherra.*

Form og gerð framkvæmdaáætlana: *Elsa S. Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs.*

Innlegg heimamanna: *Jónína Ólöf Emilsdóttir, aðstoðarskólastjóri Grunnskólans á Ísafirði og Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Skipassmíðastöðvarinnar hf. á Ísafirði.*

Almennar umræður.

Fundarstjórar: *Sigríður Lillý Baldursdóttir, skrifstofustjóri í Félagsmálaráðuneytinu og Ragnheiður Hákonardóttir, varabæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar.*

Félagsmálaráðuneytið.

Steinþór og Gróa ásamt starfsfólki sínu, hljómsveitarmeðlimum sem skemmtu á afmælishátíðinni og vinum fyrir framan húsnæði Ísafjarðarbíós og Krúsarinnar á föstudagskvöld.

Sjallinn og Krúsin á Ísafirði

Líf og fjör á tíu ára afmælishátíð

Um þessar mundir eru liðin tíu ár frá því Steinþór Friðriksson hóf rekstur veitingastaða á Ísafirði. Þessara tímamóta var minnst um síðustu helgi með mikilli afmælishátíð í Sjallanum og Krúsinni. Hljómsveitirnar Bítlavinafélagið og Sálin hans Jóns míns skemmtu gestum Sjallans og hljómsveitin Bland í poka, sem skipuð er félögum úr Vinum Vors og Blóma, Pláhnetunni, Galileo og fleiri hljómsveitum, skemmti gestum Krúsarinnar.

Þá var í tilefni tímamótanna boðið upp á sama verð á sterkum drykkjum og var fyrir tíu árum og notfærðu margir gesta skemmtistaðanna þessa búbót og mátti sjá marga bakka fulla af sterkum drykkjum rétt fyrir lokun skemmtistaðanna. Á föstudagskvöld héldu eigendur staðanna, Steinþór og Gróa Böðvarsdóttir, sérstakt afmælishóf fyrir starfsfólk og nána vini og var margt um manninn er ljósmyndari blaðsins leit þar við. Auk rekstur veitingastaðanna tveggja, hafa þau Steinþór og Gróa með höndum rekstur Ísafjarðarbíós og Pizza´67. Þá hafa þau nýverið tekið þátt í landvinningum Pizza´67 í Noregi. Blaðið óskar þeim til hamingju með áfangann.

Gróa Böðvarsdóttir og Steinþór Friðriksson, eigendur Sjallans og Krúsarinnar, broshýr og ánægð með áfangann.

Haraldur Þorsteinsson, Eyjólfur Kristjánsson og Rafn Jónsson, liðsmenn Bítlavinafélagsins hafa haldið ófáa dansleikina í Sjallanum og Krúsinni og létu sitt ekki eftir liggja til að gera afmælishátíðina sem skemmtilegasta.

Það gerðu einnig Stefán Hilmarsson og félagar hans í hljómsveitinni ,,Bland í poka" sem skemmti gestum Krúsarinnar.



Hnútinn verður að leysa

Verkfall Baldurs og nokkurra annarra verkalýðsfélaga á Vestfjörðum hefur nú staðið í nærri mánuð.

Flestir hafa samið. Örfá verkalýðsfélög á Vestfjörðum skera sig úr og eru nú í verkfalli. Samstaðan hefur rofnað með félögum í Alþýðusambandi Vestfjarða. Krafan um 100 þúsund króna mánaðarlaun er langt fyrir ofan þau mörk sem aðrir settu sér og hingað til hefur verið samið um. Skynsemin segir manni að ólíklegt sé að fyrirtæki í fiskvinnslu á Vestfjörðum hafi bolmagn til að greiða laun sem eru 42% hærri en annars staðar, að minnsta kosti ef miðað er við lægstu laun. Verið er að sameina fiskvinnslufyrirtæki í Ísafjarðarbæ. Þau hafa verið misjafnlega stödd fyrir og sum mjög illa. Nægir þar að minna á gjaldþrot undanfarinna ára, O.N.Olsen hf., Ísver, Bjartmar hf., Niðursuðuverksmiðjuna hf., Rækjustöðina hf., auk annarra, sem tengdust sjávarútvegi vegna þjónustu, Vélsmiðjuna Þór hf., og Rörverk hf., svo fátt eitt sé talið.

Einnig má minna á Freyju á Suðureyri, Hjálm á Flateyri, að ógleymdum Fáfni á Þingeyri, sem er til stöðugrar umfjöllunar í fjölmiðlum. Þá er ekki tíundað það sem gerst hefur í núverandi Vesturbyggð. Í Bolungarvík hafa kjarasamningar verið gerðir og samþykktir, en þar hafa sporin vafalaust hrætt eftir gjaldþrot undanfarinna ára. Við þessar aðstæður í atvinnulífi á Vestfjörðum er glórulaust að ímynda sér að samið verði um hærri laun í Ísafjarðarbæ en annars staðar á Íslandi. Þessi orð eru ekki sögð til þess að gera lítið úr kröfum Alþýðusambands Vestfjarða og Baldurs. Þetta eru eingöngu staðreyndir, sem vega þungt, jafn þungt og lág laun.



Spyrja má hvenær komi til þess að fiskvinnsla á Vestfjörðum verði einfaldlega flutt annað, burt úr fjórðungnum, til dæmis til Akureyrar eða Reykjavíkur. Vonandi kemur aldrei til þess. En við verðum að gá að því, að fiskurinn er auðfluttur til annarra hafna. Verði slíkt að veruleika er stutt í endalok byggðar á Vestfjörðum. Ekki má gleyma því að Bretar gerðu út á Halamið frá austurströnd Englands þar til þeir voru reknir úr landhelginni eftir Þorskastríðið síðasta. En sá harði hnútur sem kjaradeilur hér vestra eru nú í, kann einmitt að leiða til ófyrirsjáanlegra afleiðinga, sem á endanum munu bitna harðast á láglaunafólki, sem einmitt nú berst fyrir bættum kjörum sínum. Þau batna ekki ef vinnan fer.

Dæmi Sóknar í Reykjavík

Lausn verður að finnast. Það vekur athygli þótt ekki hafi farið hátt, að Sókn í Reykjavík, félag láglaunakvenna, samdi án verkfallshótunar, án afskipta ríkissáttasemjara um hærri laun og til lengri tíma en aðrir. Hvernig má þetta vera? Einfaldlega vegna þess að forystan hefur annað viðhorf en enn hefur borið hæst á Vestfjörðum. Megin markmið hennar er að gæta hagsmuna félagskvenna. Lögð hefur verið á það áhersla að mennta þær með námskeiðahaldi, sem hefur aukið sjálfstraust í för með sér og jafnframt hærri laun. Af þessu dæmi má margt læra. Er ekki það að selja vinnu sína, eins og hver önnur viðskipti? Og er þá ekki skynsamlegast að hækka verðið, kaupið, með því að hafa eitthvað nýtt og betra að selja?

Hinu má ekki gleyma að lækkað verð á matvöru hefur verið drýgsta kjarabót launafólks á Vestfjörðum, einkum á Ísafirði upp á síðkastið. Það er vissulega rétt hjá Pétri Sigurðssyni, að lækkun orkuverðs myndi færa launafólki verulegar kjarabætur. En þar hefur reynst við ramman reip að draga. Því miður er það að lækka verð á matvöru og orku, ekki hlutverk kjarasamninga.

Semjið strax

Vestfirðingar hafa heldur fallið í áliti vegna ýmissa sérkennilegra uppákoma, sem vekja undrun annars staðar. Nægir þar að nefna þann farveg sem Fáfnismál hafa verið í á Þingeyri. Reka þarf slyðruorðið af Vestfirðingum.

Kjarasamningar verða að nást og hafa kannski tekist þegar þessi orð birtast. Samningur er nú einu sinni þannig að hvorugur nær öllu sínu fram. En hvor um sig verður að hafa eitthvað fýtt fyrir sinn snúð.

-Stakkur.

TOPP 10

MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINNI

1. Chain Reaction
2. Black Sheep
3. Tin Cup
4. Phenomenon
5. Nutty Professor
6. The Fan
7. Escape from LA
8. A Time to Kill
9. Sabptage
10. Twister

http: 3 góðar á NETINU

http://www.california.com/~sgeler
Hérna er eitthvað fyrir vefsmiðina. Á þessari síðu er hægt að nálgast allt sem þú þarft til að gera glæsilega heimasíðu.

http://random.yahoo.com/bin/ryl
Þær eru margar skrítnar heimasíðurnar sem koma upp þegar maður slær inn þetta veffang.

http://www.clubkasparov.com
Glæsileg heimasíða heimsmeistarans í skák Garry Kasparovs.

SPÓLAN Í TÆKINU

Moll Flanders

Moll Flanders er mynd sem byggð er á sögu Daniels Defoe, en hún segir frá hinni fátæku Moll Flanders, og baráttu hennar við ástina og lífið. Stórgóð mynd sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

HELGAR veðrið

Horfur á fimmtudag og föstudag: Austan og norðaustanátt, strekkingur og rigning eða skúrir við suður- og suðausturströndina en annars hægari, og slydduél austanlands og á annesjum norðantil. Heldur hlýnandi.

Horfur á laugardag: Lítur út fyrir austlæga átt með rigningu víða um land, einkum þó suðaustan- og austan til á landinu

Horfur á sunnudag og mánudag: Búast má við að vindur verði norðaustlægari og að sunnanlands létti til.

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Brautarholt 12 á Ísafirði, sem er einbýlishús ásamt bílskúr, er til sölu. Upplýsingar í síma 456 3627

Til sölu **glæsilegt raðhús** á tveimur hæðum ásamt bílskúr að Hafraholti 16, Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 4734

Til sölu Britax **barnabílsæti**. Upplýsingar í síma 456 3614

Til sölu **trefjaplastbátur** í góðu standi. Stærð 3,10 x 1,40 m. Tvöfaldur botn, lokuð flot að aftan og framan, árar fylgja. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 456 3769

Til sölu **kerruvagn** með burðarrúmi. Upplýsingar í síma 456 4338

Óska eftir ódýru **kvenmannsreiðhjóli**. Upplýsingar í síma 456 5906

Óska eftir **fólksbílakerru**. Upplýsingar í síma 456 4338

Halló Ísafjörður! Ég er 22 ára atvinnulaus einstæð móðir að sunnan með 3 ára dóttur og mig langar að komast út úr bænum í sumar og e.t.v. lengur. Ég óska eftir ráðskonustarfi. Upplýsingar í síma 555 3880, Helga.

Til sölu vínrauð **Honda Accord**, árgerð 1990, ekinn 91 þús. km. Spoiler og álfelgur. Skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 456 6299

Óskum eftir að kaupa **sparneytinn bíl**. Allt kemur til greina. Upplýsingar í síma 456 3975

Óska eftir **borðstofuborði og stólum** fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 7409

Starfskraft vantar við sauðburð. Þarf að vera vanur sveitastörfum. Upplýsingar í síma 456 8229 eða 854 7029

Til sölu notuð **4x13" sumardekk**. Upplýsingar í síma 456 7160

Skófla óskast fyrir Mílmaster ámokstursstæki. Upplýsingar eru veittar í síma 456 8229 eða 854 7029

Óska eftir að kaupa notaðan, vel með farinn **kerruvagn**. Upplýsingar í síma 456 3587

Áríðandi! Leita eftir húsnæði, einstaklingsíbúð eða herbergi á Ísafirði, frá 1. júní til 8. sept. Upplýsingar í síma 588 7153 eftir kl. 19. María.

Lítil 2ja herbergja **íbúð óskast til leigu** í júní, júlí og ágúst á Ísafirði, Hnífsdal eða Bolungarvík. Til greina koma leiguskipti á lítilli íbúð í Hafnarfirði. Upplýsingar í síma 565 3723

Til sölu **Toyota Touring** 4x4, árgerð 1991, ekinn 91 þús. km. Verð kr. 900 þúsund staðgreitt. Upplýsingar í síma 456 4167

Til sölu **Dodge Aries** árgerð ´87. Selst á góðu stgr. verði eða skuldabréfi. Upplýsingar í síma 456 3909

Til sölu **Toyota Touring** GLI árgerð 1993, ekinn 86 þús. km. Upplýsingar í síma 456 3909

Til sölu tvö 10 mánaða Bose hátalarasett. Verð kr. 100 þúsund, kostar nýtt kr. 140 þúsund. Einnig til sölu Pioneer 650w magnari og geislaspilari. Upplýsingar í síma 456 4928, eftir kl. 19.

Tveggja ára **Irish Shetter hundur** fæast gefins. Upplýsingar í síma 456 4953

Til sölu rúm, skápur og skrifborð með áföstum hillum. Upplýsingar í síma 456 3906

Til sölu **Volvo 240**, árgerð ´87, ekinn 140 þús. km. Upplýsingar í síma 456 3719, eftir kl. 19, Jósep

Halló! Ég heiti Sandra og mig langar að passa börn í sumar - helst ekki mikið eldra en 3ja ára. Ég bý í Tangagötunni og er 11 ára. Upplýsingar í síma 456 3623

Til sölu dökkblá **Emmaljung kerruvagn** m/ burðarrúmi. Upplýsingar í síma 456 7036

Vantar einhvern **íbúð í Bolungarvík** fyrir skít á priki. 650 þús. útborgun, eftirstöðvar samkomulag, 550 þús. áhvílandi húsnæðislán, afborgun 50-60 þús. á ári. Allar nánari upplýsingar eru gefnar í síma 453 5442, Flosi.

Til sölu **Sega Megadrive** II leikjatölva ásamt leik og tveimur stýripinnum. Á sama stað fást 14 leikir fyrir Sega Megadrive. Upplýsingar í síma 456 8109

Halló! Ég heiti Sandra og mig langar að passa barn í sumar - helst ekki mikið eldra en 3ja ára. Ég bý í Pollgötunni og er 11 ára. Upplýsingar í síma 456 5304

Óska eftir að kaupa **Sóma** 700 eða 800. Upplýsingar í síma 456 3628

Óska eftir herbergi til leigu í Bolungarvík fyrir stúlku - án þvotta- eða eldhúsaðstöðu, frá 15. júní til ágústloka. Óska einnig eftir að kaupa kojur. Upplýsingar í síma 456 7487

Hlífarkonur! Vinsamlega mætið allar sem getið í Koffortið fimmtudaginn 15. maí kl. 18. Hafið með ykkur fötu. Blómasölunefnd.

Til sölu eru 4 stk. 31x11" **dekk á 5 gata felgum**. Upplýsingar í síma 456 3485, á kvöldin. Ásgeir.

Til sölu **Nintendo** leikjatölva. Upplýsingar í síma 456 8114

Til sölu tvær bílafelgur. Einnig strauvél. Upplýsingar í síma 456 3397

Til sölu **frystiskápur**, stærri gerð. Upplýsingar í síma 456 3794

Óska eftir traustri og **barngóðri stúlku**, 12 ára eða eldri, til að gæta tæplega 2ja ára drengs eftir hádegi í júní og júlí. Bý á Eyrinni. Upplýsingar gefur Anna í síma 456 4262, fyrir hádegi eða eftir kl. 17:30.

Óskilamunir óskast sóttir fyrir 6. júní. Sundhöll Ísafjarðar.

Tilboð óskast í vörubifreið, Volvo F1025, árgerð ´82. Upplýsingar eru gefnar í símum 456 8200 eða 456 8204, Sigurður.

Gult armband með fjólublárri perlu týndist á leiðinni frá Hótel Ísafirði að Fjarðarstræti 57, s.l. laugardagskvöld. Finnandi vinsamlega hringi í síma 456 3467, Lydía Rosa.

Byrjendur í golfi! Þeir sem hafa áhuga á að byrja að spila golf eiga kost á því að fá kennslu hjá reyndari golfleikurum á Ísafirði. Farið verður með nýliðana nokkra golfhringi um nokkra vikna skeið og þeim kennt á völlinn og helstu golfreglur og siði. Nánari upplýsingar hjá Tryggva Guðmundssyni í síma 456 3702, Pétri Bjarnasyni í síma 456 4684 og Birni Helgasyni í síma 456 3149.

Til sölu **Toyota 4Runner** árgerð 1991. Vel með farinn - skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 456 4027, eftir kl. 19. Alfreð.

Til sölu **Hyundai 486 tölva**, 66mhz, m/ 4 x geisladrifi. Upplýsingar í síma 456 5102

Til sölu **Hyundai 486 tölva** með 16 Mb vinnsluminni. Nánast ónotuð. Upplýsingar í síma 456 5367, á daginn.

Tveir yndislega fallegir **kettlingar fást gefins**. Á sama stað er óskað eftir fjórum sumardekkjum, 13" 175/70 eða 13" 185/70. Upplýsingar í síma 456 7276

Afmæli

70 ára

Hjördís Alda Ólafsdóttir, Seljalandsvegi 8, Ísafirði verður sjötug föstudaginn 16. maí nk.

Hún og eiginmaður hennar Guðmundur Skúlason taka á móti gestum í sal Frímúrara milli kl. 20:00 og 22:00 á afmælisdaginn.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Erum með til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Heilsugæslustöðin í Bolungavík

Ritari óskast

Ritari óskast í 45% starf við Heilsugæslustöð Bolungarvíkur.

Ráðningartími frá 1. júní 1997.

Umsóknir skilist á bæjarskrifstofuna, Aðalstræti 9, 415 Bolungarvík.

Aðalfundur

Aðalfundur Verkstjórafélags Vestfjarða verður haldinn á Hótel Ísafirði, laugardaginn 17. maí nk. kl. 17:00.

Verkstjórafélag Vestfjarða.

Aukin ökuréttindi! „Meirapróf“

Námskeið hefst miðvikudaginn 14. maí. Kennt verður í Grunnskóla Ísafjarðar og hefst kennslan kl. 18:40. Getum enn bætt við örfáum nemendum.

Okuskóli SG, sími 581 1919.

Hnífsdalskapella

Á hvítasunnudag 18. maí kl. 11:00 verður guðsþjónusta í Hnífsdalskapellu.

Sr. Skúli Sigurður Ólafsson messar.

Bjóðum nýjan prest velkominn.

Hnífsdalssókn.

Helgar-dagskráin



Föstudagur

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00 Hvíl í friði, frú Colombo
Rest In Peace Mrs. Columbo
Kona ein ákveður að hefna sín á tveimur mönnum sem hún telur að beri ábyrgð á dauða manns síns í fangelsi. Eftir að hafa myrt annan manninn flytur hún inn á hinn manninn, en það er enginn annar en lögregluforinginn Columbo. Hún ætlar að myrða konu hans.
14.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
14.50 Neyðarlínan (4:14) (e)
15.35 NBA-tilþrif
16.00 Kóngulóarmaðurinn
16.20 Steinþursar
16.40 Magðalena
17.05 Áki já
17.15 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Íslenski listinn
19.00 19 > 20
20.00 Suður á bóginn (5:18)
20.55 Vitlaus bein
Funny Bones
Mynd sem fjallar um Tommy Fawkes sem langar óskaplega mikið til að slá í gegn sem grínisti.
23.10 Að yfirlögðu ráði
Murder In The First
Mögnuð bandarísk bíómynd frá 1995 sem gerð er eftir hrottalegri en sannsögulegri sögu.
01.10 Hvíl í friði, frú Colombo
Rest In Peace Mrs. Columbo
Sjá umfjöllun að ofan.
02.45 Dagskrárlok

Laugardagur

09.00 Með afa
09.50 T-Rex
10.15 Bíbí og félagar
11.10 Geimævintýri
11.35 Soffía og Virginía
12.00 NBA-molar
12.25 Sjónvarpsmarkaðurinn
12.50 Babylon 5 (11:23) (e)
13.35 Lois og Clark (8:22) (e)
14.25 Vinir (7:24) (e)
14.50 Aðeins ein jörð (e)
15.00 Ástríkur vinnur Ameríku
16.20 Andrés önd og Mikki mús
16.45 Gerð myndarinnar Fly Away Home
Making of Fly Away Home
17.00 Oprah Winfrey
17.45 Glæstar vonir
18.05 60 mínútur
19.00 19 > 20
20.00 Bræðrabönd (5:18)
20.30 Ó, ráðhús! (10:22)
21.05 Níu mánuðir
Nine Months
Bandarísk gamanmynd frá 1995 með Hugh Grant, Julianne Moore, Jeff Goldblum og Robin Williams í helstu hlutverkum.
22.55 Kvikir og dauðir
The Quick and the Dead
Hörkuspennandi vestri með Sharon Stone og Gene Hackman í aðalhlutverkum. Stranglega bönnuð börnum.
00.40 Bein ógnun (e)
Clear And Present Danger
Þriðja myndin sem gerð er eftir spennusögum Toms Clancy um leyniþjónustumanninn Jack Ryan.
03.00 Dagskrárlok

Sunnudagur

09.00 Bangsar og bananar
09.05 Í Erilborg
09.30 Urmull
09.55 Disneyrímur
10.40 Ein af strákunum
11.05 Úrvalsdeildin
11.30 Eyjarklíkan
12.00 Íslenski listinn
13.00 Maradona
14.00 Íþróttir á sunnudegi
16.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.00 Húsið á sléttunni (24:24)
17.45 Glæstar vonir
18.05 Í sviðsljósinu
19.00 Sinfoníuhljómsveit Íslands á tónleikum (1:3)
19.30 Fréttir
20.00 Morðgáta (7:22)
20.55 Fornbókabúðin
21.25 Hetjan Toto
Toto Le Hero
Verðlaunamynd sem var kjörin besta frumraun leikstjóra á kvikmyndahátíðinni í Cannes 1991.
23.00 Keppnin mikla
Bite the Bullet
Fjögurra stjörnu bandarísk kúrekamynd frá 1975 með Gene Hackman í aðalhlutverkum.
01.15 Úrslitakeppni NBA
03.45 Dagskrárlok

Föstudagur

17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Fréttir
18.02 Leiðarljós (644)
18.45 Sjónvarpskringlan
19.00 Fjör á fjölbraut (13:39)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Indíánadrengurinn
The Spirit Rider
Kanadísk fjölskyldumynd frá 1993. Indíánadrengur flyst á verndarsvæði og verður að laga sig að nýjum lífsmáta og sætta sig við uppruna sinn.
22.10 Á næturvakt (3:22)
23.00 Armur laganna
Tequila Sunrise
Bandarísk bíómynd frá 1988 um átök tveggja æskuvina. Annar hefur fengist við fíkniefnasölu, hinn er á framabraut innan lögreglunnar í Los Angeles og báðir keppa þeir um ástir sömu konunnar.
00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.25 HM í handknattleik
Japan - Ísland
Bein útsending frá fyrsta leik mótsins í Kumamoto í Japan, þar sem eigast við heimamenn og Íslendingar. Að leik loknum verður sýnd upptaka frá setningarhátíðinni fá því fyrr um morguninn.
13.00 Hlé
16.00 Íþróttaþátturinn
Sýnt verður frá All England-badmintonmótinu, úrslitaleik í einliðaleik á Íslandsmótinu í pílukasti og hitað upp fyrir Íslandsmótið í fótbolta sem hefst á mánudag.
18.20 Táknmálsfréttir
18.30 Vík milli vina (4:7)
19.00 Strandverðir (6:22)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Lottó
20.40 Simpson-fjölskyldan
Bandarískur teiknimyndaflokkur.
21.05 Undir bláum himni
My Blue Heaven
Bandarísk gamanmynd frá 1990 um samskipti glæpamanns sem hefur verið heitið vernd gegn því að hann beri vitni og alríkislögreglumanns sem gætir hans.
22.45 Áhlaupið
The Assault
Hollensk bíómynd frá 1986 um uppvaxtarár ungs drengs sem missir foreldra sína í lok seinni heimsstyrjaldar.
00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
09.55 HM í handknattleik
Alsír - Ísland
Bein útsending frá Kumamoto í Japan.
11.30 Hlé
13.35 Hermióna
16.00 Hvítasunnuguðsþjónusta í Þingvallakirkju
17.00 HM í handknattleik
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Linda lærir að synda (1:3)
18.30 Hreiðar heimski
19.00 Geimstöðin (17:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Ólafur Thors forsætisráðherra
Ný íslensk heimildarmynd um Ólaf Thors, forsætisráðherra og formann Sjálfstæðisflokksins. Höfundur handrits er dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson.
21.00 Í blíðu og stríðu (5:13)
Wind at My Back
Kanadískur myndaflokkur um raunir fjölskyldu í kreppunni miklu.
22.00 Helgarsportið
22.25 Æskuár mín á Fjóni
Min fynske barndom
Dönsk bíómynd frá 1994 um æsku og uppvaxtarár danska tónskáldsins Carls Nielsens (1865-1931).
00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Sparisjóður Bolungarvíkur

Fjörutíu milljóna króna hagnaður á síðasta ári

Aðalfundur Sparisjóðs Bolungarvíkur var haldinn 7. maí s.l. Rekstrarafkoma sparisjóðsins á liðnu ári hefur aldrei verið betri og var hagnaðurinn 40,1 milljón króna eftir skatta sem námu 20,4 milljónum króna. Eigið fé sjóðsins var í lok síðasta árs 377,8 milljónir króna og hafði það aukist um 14% á árinu. Eiginfjárhlutfall, sem er reiknað samkvæmt lögum um sparisjóði, er 30,3%, en má vera lægst 8%. Innlánsaukning nam 14,8% og útlánsaukning nam 31%.

Í skýrslu formanns stjórnar, Benedikts Bjarnasonar, kom m.a. fram að Sparisjóður Bolungarvíkur sér um rekstur Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur og jókst sú starfsemi á liðnu ári. Jafnframt að það væri byggðarlaginu styrkur að hafa trausta peningastofnun, en stjórn sjóðsins hafi lagt sig fram um að að hjól atvinnulífsins gætu snúist. Sparisjóðurinn hafi jafnan látið menningar- og framfaramál til sín taka og hafi um einni milljón króna á síðasta ári verið varið í því skyni.

Á aðalfundinum voru kjörnir í stjórn af hálfu stofnfjáraðila þeir Benedikt Bjarnason, Finnbogi Jakobsson og Ólafur Þór Benediktsson, en auk þess eru í stjórninni, kjörnir af Bæjarstjórn Bolungarvíkur og sveitarstjórn Suðureyrarhrepps, þeir Örn Jóhannsson og Gestur Kristinsson.

Sungið í jarðgöngunum

Karlakór Reykjavíkur var á söngferðalagi um norðanverða Vestfirði í síðustu viku. Kórinn söng víða m.a. á Flateyri, Ísafirði og að Gerðhömrum í Dýrafirði, þar sem stofnandi kórsins, Sigurður Þórðarson, var fæddur. Þá tók kórinn lagið í jarðgöngunum undir Breiðadals- og Botnsheiði á föstudag og var meðfylgjandi mynd tekin við það tækifæri. Stjórnandi kórsins, Friðrik S. Kristinsson, sagði hljómburðinn í jarðgöngunum mjög góðan og má því búast við að fleiri kórar nýti sér mannvirkið til sönghalds.

Íbúðaverð í fjölbýli á Ísafirði

19% lægra en í Reykjavík

Verulegur munur er á íbúðaverði í Reykjavík og á landsbyggðinni samkvæmt útreikningum sem byggðir eru á upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins um íbúðir í steinhúsum, byggðum eftir 1940, sem skiptu um eigendur á síðasta ári. Í útreikningunum, sem birtust í fasteignablaði Morgunblaðsins um helgina, er reiknað út meðal fermetraverð í fjölbýli í Reykjavík og í nokkrum helstu bæjarfélögum á landsbyggðinni.

Samkvæmt útreikningnum er meðal fermetraverð í Reykjavík, umreiknað í staðgreiðsluverð, kr. 71.554 pr. fermeter, kr. 63.331 á Akureyri, kr. 62.082 á Hornafirði, kr. 61.019 í Borgarbyggð, kr. 60.117 á Selfossi og kr. 57.731 á Ísafirði, sem er nokkru lægra en landsmeðatal en það kr. 68.427. Í Reykjanesbæ er meðal fermetraverð kr. 57.095, kr. 49.281 á Akranesi, kr. 47.922 á Húsavík og kr. 42.448 í Vestmannaeyjum, sem er um 40% lægra verð en í Reykjavík. Meðal fermetraverð í fjölbýli á Ísafirði er aftur á móti um 19% lægra en í Reykjavík.

Póls-rafeindavörur hf., á Ísafirði

Ávöxtun hlutabréfa nemur 87,02% frá áramótum

Ávöxtun hlutabréfa í Pólsrafeindavörum hf., á Ísafirði hefur aukist um 87,02% frá áramótum til 6. maí sl., samkvæmt lista sem birtur var í viðskiptablaði Morgunblaðsins í síðustu viku. Mjög góð ávöxtun hefur verið á hlutabréfum í fjölmörgum fyrirtækjum sem skráð eru á Verðbréfaþingi og Opna tilboðsmarkaðnum og eru hlutabréf í fimm þeirra með meira en 100% ávöxtun frá áramótum.

Þannig nemur ávöxtun hlutabréfa Fiskmarkaðs Suðurnesja tæplega 164% á tímabilinu, SR-mjöls hf., 149%, Marels hf., 141%, Vaka-fiskeldiskerfi 112% og Íslandsbanka 100%. Samkvæmt listanum er markaðsverð hlutabréfa í Pólsrafeindavörum nú 92 milljónir króna en lokaverð á hlutabréfum í fyrirtækinu þann 6. maí síðastliðinn, var 4,02. Ávöxtun hlutabréfa í Samherja hf., á Akureyri nemur 41,67% á sama tímabili og 29,23% í Eimskip hf. Lokaverð á hlutabréfum í Básafelli hf., á Ísafirði var 3,85 þann 6. maí, en þann dag var markaðsvirði hlutabréfa í fyrirtækinu 1.944 milljónir króna.

Ökumaður grunaður um ölvun

Hlaut höfuðmeiðsl er bifreið hans valt

Ökumaður, sem grunaður er um ölvun við akstur, velti bifreið sinni á Skutulsfjarðarbraut á móts við Grænagarð, á fjórða tímanum aðfaranótt síðastliðins sunnudags. Ökumaðurinn hentist út úr bifreiðinni, sem aftur endasteyptist nokkrum sinnum, og stöðvaðist um 70 sentimetra frá þeim stað sem ökumaðurinn lenti á. Hann var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði þar sem gert var að sárum hans. Hann mun hafa hlotið höfuðmeiðsl auk annarra minniháttar meiðsla.

Það var um kl. 03 að lögreglan á Ísafirði fékk ábendingu um skringilegt aksturslag bifreiðarinnar þar sem henni var ekið um götur bæjarins. Stuttu síðar urðu lögreglumenn í eftirlitsferð varir við bifreiðina og sáu hvar henni var ekið kantana á milli inn Skutulsfjarðarbraut. Eftir að ökumaðurinn verður lögreglunnar var, eykur hann ferðina og var kominn yfir hundraðið þegar hann ók hvað hraðast. Lögreglan dró þá þegar í ferðinni og þegar hún kemur að Grænagarði, sér hún hvar bifreiðin endastingst upp fyrir vegarkant og stöðvast við hlið ökumannsins sem var einn í bifreiðinni. Bifreiðin er gjörónýt.

Um klukkan 9 á sunnudagsmorgun kom síðan maður einn á lögreglustöðina á Ísafirði og óskaði eftir aðstoð við að ná í leigubíl. Maðurinn sem mun hafa verið ölvaður, fór stuttu síðar með leigubílnum og kom aftur að lögreglustöðinni innan skamms tíma. Sjá þá lögreglumenn hvar maðurinn fer inn í bifreið sína og ekur af stað. Hann var stöðvaður þá þegar og meðhöndlaður sem grunaður um ölvun við akstur.

Bifreiðin er gjörónýt eftir veltuna eins og sjá má.

Lík annars skipverjans á Æsu fundið

Köfunum fjölgað

Breskir kafarar fundu lík skipstjórans á Æsu, Harðar Sævars Bjarnasonar, síðdegis á föstudag. Leit að hinum skipverjanum sem fórst með Æsu, hafði ekki borið árangur á mánudag, en ákveðið var að fjölga köfunum um fjórar. Lík skipstjórans var flutt til Reykjavíkur þar sem frekari rannsókn fór fram á því. Aðstæður til köfunar hafa verið erfiðar sökum myrkurs og þungra strauma. Á mánudag stóð til að kafa niður að flakinu og beindist athygli rannsóknaraðilanna þó aðallega að því að kanna ástæður þess að skipið sökk. Samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli, átti köfunaraðgerðum að ljúka í gær.

Æsa ÍS.

Um borð í varðskipinu Óðni, voru auk kafaranna og skipverja á Óðni, fulltrúi sýslumannsins á Patreksfirði, lögreglumenn, einn fulltrúi ættingja þeirra sem fórust og tveir fulltrúar í ID-nefnd sem var ætlað að bera kennsl á hina látnu. Lögreglan hefur tekið skýrslu af köfurunum eftir hverja ferð og verður lesið úr gögnum eftir að köfun lýkur. Ekki er búist við niðurstöðum um orsök slyssins fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Ríkisstjórn Íslands úthlutaði nær tíu milljónum króna til verkefnisins auk þess sem Landhelgisgæslan og Siglingastofnun lögðu til skip og mannafla og standa sjálfar straum af þeim kostnaði.